

RIBBALDAR

### Brugðu sér í Þormóðsker og merktu vita

• á ferðinni  
ALLT í MIÐJU BLAÐSINS



LANDIÐ MITT REYKJANES

### Afþreying og fróðleikur fyrir alla fjölskylduna

Sérblaðið Landið mitt Reykjanes  
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



TÍSKA OG FEGURÐ

### Götutíska, fylgihlutir og herraklipping

Sérblað um tísku og fegurð  
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. júní 2009 — 136. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Sandy í þriðja veldi


Selma, Birgitta og Ólóf Jara hafa allar leikið með kærstunum í Grease.

TÍMAMÓT 16

### Ingvar í Íslands-klukkuna

Ingvar E. Sigurðsson leikur Jón Hreggviðsson.

FÓLK 26



### Sýnir á sér nýja hlið

Karl Örvarsson vinnur að eftirhermuþlötum.

FÓLK 26




### Ætlum okkur sigur

Ólafur Jóhannesson er bjartsýnn fyrir leikinn gegn Makedóníu í dag.

ÍPRÓTTIR 22



## VEÐRIÐ Í DAG



**HÆGVÍÐRI** í dag verður hægviðri eða hafgola. Hálfskýjað eða skýjað sunnan og vestan til og hætt við lítills háttar vætu sunnan til, annars bjartviðri. Hítí 5-13 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

## SUMARÞJÓNUSTA



FRÉTTIR

Viðbótarsýning Frétta Stöðvar 2 og Íslands í dag kl. 21.00 alla virka daga á Stöð 2 Extra

# Fæðingarorlof verður skert

Ein af niðurskurðarhugmyndum ríkisstjórnarinnar er að lækka hámarksgreiðslu fæðingarorlofs. Stjórnarandstaðan hefur þegið boð ríkisstjórnar um að taka þátt í hugmyndavinnu vegna efnahagsörðugleikanna.

**EFNAHAGSMÁL** Ein af fjölmörgum niðurskurðarhugmyndum ríkisstjórnarinnar er að lækka hámarksgreiðslu fæðingarorlofs úr 480 þúsund krónum allt niður í 350 þúsund krónum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

„Ég mun ekki stytta fæðingarorlofið,“ segir Árni Páll Árnason, félags- og tryggingarmálaráðherra, sem játar því hvorki né neitar að hámarksgreiðsla fæðingarorlofs verði lækkuð.

Árni Páll hefur kynnt fulltrúum aldræðra og öryrkja mögulegar sparnaðarleiðir. „Við hljótum að hlífa sem kostur er þeim sem lakast standa í samfélaginu.“ Árni segir alveg ljóst að ef nokkrar byrðar verði lagðar á þá sem lakast standa þá þýði það að hlutfallslega þyngri byrðar verði lagðar á aðra. „Allar útfærslur okkar eru háðar því hvaða

aðhaldsstig önnur ráðuneyti telja sér fært að bjóða upp á.“ Spurður til hvers hann vísi segir Árni Páll: „Við skerðum ekki afkomu öryrkja og ellilífeyrisþega ef við tökum ekki fyrst á allri óþarfa sóun hjá hinu opinbera, til dæmis hæstu launum.“

Halldór Sævar Guðbergsson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segist bundinn trúnaði um hugmyndir félagsmálaráðherra. „En ég hef áhyggjur af stöðu mála. Undanfarin misseri hefur stöðugt verið þrengrt að örorku- og ellilífeyrisþegum.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í fréttum í gærkvöldi að ríkisstjórnin myndi kynna í næstu viku hugmyndir til hjálpar skuldugum heimilum, og þar á meðal afskriftir á lánnum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur lengi verið látið að því

liggja í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins að þetta stæði til. Hins vegar hefur aðgerðin aldrei verið skýrð.

Ljóst er að helmingur þeirra tuttugu milljarða sem ríkið þarf að afla í ár verði náð með skattahækkunum. Það verður gert með hátekjuskatti, tryggingargjald verður hækk- að auk þess sem neysluskattar hafa verið í umræðunni.

Stjórnarandstöðunni hefur verið boðið að hugmyndavinnu varðandi aðgerðir í efnahagsmálum. Það boð hefur verið þegið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Eins herma heimildir að félagsmálaráðuneytið sé lengst komið í hugmyndavinnu til sparnaðar. Hugmynda frá samgöngu-, heilbrigðis-, menntamála- og utanríkisráðuneyti sé sárt saknað.

- shá



**TVÆR FLUGUR Í EINU HÖGGI** Það var mikið að gerast í húsgarði við Hólatorg í gærkvöldi. Þar var verið að taka upp kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, „Mamma Gógó“, en ekki nóg með það heldur stóðu þar líka yfir upptökur á sjónvarpsþáttunum „Fanga-vaktinni“ sem sýndir verða á Stöð 2 í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigríður Benediktsdóttir á að sitja í rannsóknarnefndinni að mati hagfræðinga:

## Óráð að hrófla við nefndinni

**STJÓRNSÝSLA** Það myndi skaða starf rannsóknarnefndar Alþingis verulega að þrýsta hagfræðingnum Sigríði Benediktsdóttur úr nefndinni. Ummæli hennar í viðtali við bandarískt háskólablað gefa ekki tilefni til þess að draga óhlutdrægni hennar í efa. Þetta er skoðun hagfræðinganna Jóns Steinssonar og Gauta B. Eggertssonar, sem skrifa grein um málið í Fréttablaðið í dag.

Sagt var frá því í DV í gær að Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins,



SIGRÍÐUR BENEDIKTSDÓTTIR

Segir í DV að Páll Hreins-son, formaður nefndarinnar, hafi

hefði kvart- að við nefndina yfir ummælum Sigríðar. Í við- talinu sagði hún kreppuna afleiðingu „óhæfi- legrar græðgi margra“ og að eftirlitsstofnan- ir hafi sýnt af sér „andvara- leysi“. Segir í DV að Páll Hreins-son, formaður nefndarinnar, hafi

í kjölfarið boðið Sigríði að segja sig úr nefndinni hljóðalaust og án eftirmála. Það hafi hún ekki getað sætt sig við.

„Ég myndi nú ekki kippa mér upp við þetta. Það eru alltaf ein- hverjir óróleikar í samfélaginu sem þarf að takast á við,“ segir Tryggvi Gunnarsson, þriðji nefndarmá- urinn, í samtali við Fréttablaðið. Sigríður Benediktsdóttir sagðist í gærkvöldi ekki telja sig geta tjáð sig um málið að svo stöddu.

- sh, - kóp / sjá síðu 14

## Ný stefna í þorskveiðum: Ávallt farið eftir ráðgjöf

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Ríkis- stjórnin hefur mótað nýja nýtingarstefnu í þorskveiðum til fimm ára. Stefnan byggist á að veiðihlutfallið verði aldrei meira en 20 prósent af viðmið- unarstofni. Stjórnvöld hafa sent Alþjóðahaf- rannsóknar- ráðinu bréf þess efnis.



JÓHANN SIGURJÓNSSON

Þetta þýðir að næstu fimm árin verður þorskkvótinn ávallt í sam- ræmi við ráðgjöf Hafrann- sóknastofnunar. „Þessi ákvörðun er í samræmi við okkar tillögur og við teljum að það sé vísasta leiðin til þess að tryggja sterkari hrygningarstofn og bættu nýliðun á komandi árum,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknar- stofnunar.

- shá / sjá síðu 4

## Jarðvegsþjappa á „þjöppuðu“ verði PC 1442 Shatal jarðvegsþjappa

Stærð plötu: 400 x 550 mm  
Þyngd: 80 kg  
Mótor: Honda bensín 5,5 hö  
Miðflöttafl á plötu: 1400 kg  
Mesti hraði áfram: 26 m/mín  
Vibratíoni: 93 Hz

Kr. 179.900,-  
m. VSK

Reykjavík Akureyri Suðurnesjum

MÚRBÚÐIN  
- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**6 tomnu bátur** Kafbátur mánaðarins • júní  
**349** krónur  
**Sterkur ítalskur**  
Með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósam.  
**SUBWAY**

**SPURNING DAGSINS**



Ólafur, er þetta hvalreki fyrir grillara?

„Já, svo sannarlega. Því til sönnunar geta allir fengið að bragða á grilluðum hval fyrir utan verslanir Krónunnar í vikunni.“

Hrefnukjöt er vinsælasta grillkjötið í verslunum Krónunnar það sem af er mánuði. Ólafur Júlíusson er sölustjóri Krónunnar.

Brennuvargar á Kleppsvegi geta átt von á margra ára fangelsisvist:

# Listi yfir fíkniefnaskuldir í bílnum

**LÖGREGLUMÁL** Listi yfir fíkniefnaskuldir fannst í bíl brennuvarga sem sitja í varðhaldi vegna íkveikju á Kleppsvegi um liðna helgi. Þetta kemur fram í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir einum þeirra.

Þrír sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurðinn yfir einum þeirra. Hinir hafa ekki kært. Þeir eru grunaðir um að hafa skvett bensíni á húsið við Kleppsveg og lagt eld að því, þannig að maður á sextugsaldri sem var innandyra hafi verið í töluverðri lífshættu.

Manninum tókst að forða sér úr brennandi húsinu af eigin ramm-



**GJÖRÓNYTT HÚS** Hugsanlegt að brennuvargarnir hafi ætlað að innheimta fíkniefnaskuld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

leik en hann sakaði ekki. Húsið er talið ónyt.

Í úrskurðinum segir að lögreglu hafi borist tilkynning klukkan

hálfniú að morgni laugardagsins um ofsaakstur bíls, sem meðal annars hafi verið ekið tvívegis gegn rauðu ljósi. Þremur mínútum síðar hafi borist neyðarkall frá manningum við Kleppsveg, sem sagði nokkra karlmenn úr bílnum hafa ruðst inn á sig. Þá hafi verið kveikt í húsinu.

Í bílnum fannst „skuldalisti merktur bifreiðasamtökum þar sem finna [má] upplýsingar um sölu og dreifingu fíkniefna“, segir í úrskurðinum. Fólkíð er grunað um að hafa stefnt lífi mannsins viljandi í voða með íkveikjunni. Refsingin við brotinu er minnst tvö ár – mest sextán.

- sh

Rannsóknarnefnd Alþingis:

# Skoðar mikið tap Seðlabanka

**EFNAHAGSMÁL** Rannsóknarnefnd Alþingis skoðar töpuð útlán Seðlabanka Íslands, upp á 350 milljarða í endurhverfum viðskiptum, á síðustu dögum fyrir hrunið. Tryggvi Gunnarsson nefndarmaður staðfestir þetta.

„Þetta er hluti af þessu viðfangsefni sem nefndin er að fjalla um; hvernig voru bankarnir fjármagnaðir á þessum tíma og annað eftir því,“ segir hann. Um hvort starfsmenn Seðlabankans hafi verið kallaðir fyrir nefndina og spurðir um þetta, segir hann:

„Við erum að kanna ýmsa hluti og ræða við fólk, þannig að það er ýmislegt í gangi.“

- kóp



**TRÚBROT** Hljómsveitin spilar stóran þátt í poppsögu landsins.

MYND/BJÖRN G. BJÖRNSSON

Poppminjasafnið Reykjanesi:

## Opnun frestað minnst um ár

**MENNING** Poppminjasafnið í Reykjanesbæ, sem upphaflega átti að opna á Ljósanótt í ár verður ekki opnað fyrr en í fyrsta lagi á ári.

„Hugmyndin var sú að safnið fengi inni í Hljómahöllinni sem er verið að byggja fyrir tónlistarskólann Stapan og Poppminjasafnið, en fresta þurfti framkvæmdum aðeins vegna efnahagsástandans“, segir Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Bygðasafns Reykjanesbæjar, sem vonar þó að framkvæmdum ljúki á næsta ári.

- sg/sjá Landið mitt Reykjanes

### REYKJAVÍK

#### Laugavegi líklega lokað

Á fundi umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur í gær var samþykkt að vinna að því að leita samstarfs við verslunareigendur um að loka Laugavegi fyrir bílaumferð í sumar í samstarfi við menningar- og ferðamálaráð.

### LANDHELGISGÆSLAN

#### Vill sleppa hafnargjöldum

Landhelgisgæslan óskar eftir því að fá að sleppa við að greiða hafnargjöld þegar skip gæslunnar koma til Hafnarfjarðarhafnar. Afgreiðslu málsins var frestað á síðasta fundi hafnarstjórnar.

# Ætlar ekki að hætta

Gunnar Birgisson hyggst ekki segja af sér sem bæjarstjóri í Kópavogi þrátt fyrir áeggjan minnihlutans. Skýrsla um tugmilljónaviðskipti bæjarins við fyrirtæki í eigu dóttur Gunnars leiðir margt misjafnt í ljós. Lög hafi jafnvel verið brotin.

**KÓPAVOGUR** Hugsanlegt er að lög hafi verið brotin í viðskiptum Kópavogsbæjar við Frjálsa miðlun, fyrirtæki í eigu dóttur Gunnars Birgissonar bæjarstjóra. Þetta kemur fram í skýrslu endurskoðunarframtækisins Deloitte á viðskiptum bæjarins við fyrirtækið. Fjölmargar athugasemdir eru gerðar við viðskiptin.

Samkvæmt skýrslunni námu viðskipti bæjarins við Frjálsa miðlun, sem er í eigu dóttur Gunnars og eiginmanns hennar, alls 39 milljónum á sex ára tímabili. Kópavogsbær var helsti viðskiptavinur fyrirtækisins á þessum tíma.

Í skýrslunni segir að lög um opinber innkaup kunni að hafa verið brotin þar sem ekki fóru fram útboð vegna verkanna og ekki var leitað tilboða í þau, ólíkt því sem Gunnar hefur sjálfur haldið fram.

Þá eru gerðar athugasemdir við það að reikningar hafi í mörgum tilfellum verið bókaðir á ranga bókhaldslykla, svo oft að útilokað sé að um tilfallandi mistök hafi verið að ræða. Enn fremur hafi ekki verið gerðir skriflegir samningar vegna verkanna, sums staðar sé endurgreiðsla virðisaukaskatts nýtt án þess að það sé heimilt auk þess sem þrjár milljónir hafa verið greiddar í gerð afmælisrits sem aldrei kom út.

Fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn Kópavogs hafa kallað eftir því að Gunnar segi af sér vegna málsins. Það hyggst hann hins vegar ekki gera.

„Ég tel mig ekki hafa gert neitt rangt í þessu máli,“ segir Gunnar. Hann viðurkennir að málið líti óheppilega út vegna þess að dóttir hans eigi fyrirtækið, en segir athugasemdirnar fyrst og fremst bókhaldslegs eðlis og tekið verið



**SAMSTARF Í UPPNÁMI?** Gunnar Birgisson telur sig blásaklausan í málinu og ætlar ekki að hætta. „Þetta er mjög alvarlegt,“ segir Ómar Stefánsson, samstarfsmaður hans í meirihlutunum, sem er brugðin vegna málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég tel mig ekki hafa gert neitt rangt í þessu máli.

**GUNNAR BIRGISSON** BÆJARSTJÓRI

tillit til þeirra. Hann skellir skuldinni á sviðsstjóra hjá bænum og afmælisnefndina sem sá um gerð afmælisritsins og telur ekki rétt mat að lög hafi verið brotin.

„Mér er brugðið,“ segir Ómar Stefánsson, oddviti Framsóknarflokksins, sem myndar meirihluta með Sjálfstæðisflokknum í Kópavogi, og er mjög ósáttur við hvernig viðskiptum við Frjálsa miðlun hefur verið háttað. „Þetta er mjög alvarlegt og ekki í þeim anda sem við viljum starfa hérna.“

Hann segir að fundur verði boðaður í fulltrúaráði flokksins í dag

eða á morgun þar sem ákvörðun verður tekin um næstu skref. Þá þurfi að kanna hvort sams konar viðskiptahættir hafi verið viðhafðir við fleiri fyrirtæki.

Ómar á von á því að ræða málið við Gunnar á reglulegum fundi þeirra fyrir hádegi í dag.

Guðríður Arnardóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar, segir svör Gunnars vera útúrsmúninga. „Eftir stendur að hann er æðsti embættismaður bæjarins og ber ábyrgð á rekstri bæjarins. Það verður ekki horft fram hjá því að þetta fyrirtæki er í eigu hans dóttur, viðskiptin við fyrirtækið eru mjög óeðlileg og hann getur ekki vikið sér undan þeirri ábyrgð.“

Ekki náðist í Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, vegna málsins í gærkvöldi.

stigur@frettabladid.is



**Í JERÚSÁLEM** George Mitchell og utanríkisráðgjafi Ísrael, Avigdor Lieberman, hittust í Ísrael í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mið-Austurlönd:

## Hvætja til friðarviðræðna

**ÍSRAEL, AP** George Mitchell, bandarískur sendifulltrúi í málefnum Mið-Austurlanda, hefur hvatt til þess að friðarviðræður á milli Ísraela og Palestínúanna hefjist á ný sem fyrst. Mitchell hitti helstu ráðamenn í Ísrael í gær og í dag mun hann hita helstu ráðamenn Palestínu.

Samskipti Ísraela og Bandaríkjanna eru sögð vera stíð eftir ræðu Bandaríkjaforseta í Egyptalandi í síðustu viku, þar sem hann sagðist vilja nýtt upphaf á milli Bandaríkjanna og múslimalanda.

- þeb

Handsprengrá í Afganistan:

## Kastað inn í hóp skólabarna

**AFGANISTAN, AP** Eitt barn lét lífið og 54 manns særðust þegar handsprengrá var kastað inn á fjölmennan markað í Afganistan í gær. Þríðjungur hinna særðu eru skólabörn.

Hópur bandarískra hermanna var við markaðinn þegar sprengrá varð. Lögregla á svæðinu segir að verið sé að rannsaka hver hafi kastað sprengránni, en fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu hefur sagt að hermennirnir hafi kastað henni í átt að bíl sem í var grunaður sjálfsmorðsárásarmaður. Hvorki NATO né bandaríski herinn vildi tjá sig um málið í gær.

- þeb

# Svalalokanir

**Gler & Brautir**  
DALSHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI - Sími 517 1417  
www.glerogbrautir.is www.cover.is

**HANDRIÐ • GLERVEGGIR • FELLIVEGGIR**

Íslandsbanki og stofnfjáreigendur Byrs semja um greiðslu milljarðaláns:

# Vildu engin lán felld niður

**VIÐSKIPTI** „Þetta er gott skref og í samræmi við væntingar okkar. Það hefði engum verið greiði gerður að fara með nokkurn mann í þrot vegna þessa eða fella niður skuldir neins,“ segir Sveinn Margeirsson, einn þeirra sem farið hefur fyrir hópi stofnfjáreigenda og annarra velunnara sparisjóðsins Byrs.

Samkomulag hefur náðst á milli Íslandsbanka og meirihluta stofnfjáreigenda sparisjóðsins vegna lána sem stofnfjáreigendur tóku hjá Glitni (nú Íslandsbanka) í tengslum við stofnfjáruknungu Byrs haustið 2007.

Stofnfjáruknunin hljóðaði upp á 26,2 milljarða króna og var hún að mestu fjármögnuð með lántöku hjá bönkum og fjármálaframtækjum. Flestir stofnfjáreigenda fengu lán fyrir kaupum hjá Glitni (nú Íslandsbanka). Ekki lá fyrir í gær

hvað þeir eru margir en ekki útilokað að þeir geti verið um 500 talsins. Þeir fá bréf vegna málsins frá bankanum í dag eða á morgun.

Lánin voru á gjalddaga 19. júní næstkomandi og hafa margir stofnfjáreigenda verið ugðandi vegna þessa. Einhverjir munu hafa horft fram á gjaldþrot.

„Þeir fá fjögurra mánaða frest á greiðslu höfuðstóls og vaxta frá gjalddaganum. Þeim sem ekki nýta sér það eða greiða upp lánið á gjalddaga standa til boða leiðir til reglubundinna endurgreiðslu lána,“ segir Már Mátsson, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka. Hann segir þetta ákveðna lendingu þar sem óvissa sé um margt í tengslum við Byr, svo sem verðmat á stofnfjárlutum.

Sveinn sagði í gær ekki vitað



**BYR** Samkomulag hefur náðst milli Íslandsbanka og meirihluta stofnfjáreigenda sparisjóðsins.

hvað gerðist í kjölfarið en rætt hafi verið um að fá kunnáttumann til að semja um lausn til framþúðar fyrir stofnfjáreigendur.

- jáb

# Sólstöðuhátíð víkinga í Hafnarfirði 12.-17. júní 2009



## Fjölskylduhátíð

Víkingamarkaður - Leikhópur - Bardagavíkingar - Erlendir víkingar  
Víkingaveitingastaðir í tjöldum - Kraftajötnar - Handverksvíkingar - Dansleikir  
Víkingasveitin - Glímumenn - Eldsteikt lamb  
Víkingaveislur öll kvöld, o.fl.o.fl.

### Dagskrá sólstöðuhátíðar 2009

#### Föstudagur 12. júní

16.00 Hátíðin hefst og víkingamarkaður opnaður, sýnish. af dagsk. næstu daga  
20.00 Víkingaveisla í Fjörúkránni  
21.00 Víkingamarkaði lokað  
23.00 Dansleikur  
04.00 Lokun

#### Laugardagur 13. júní

13.00 Víkingamarkaður opnaður  
14.00 Leikir  
14.30 Víkingaskóli barnanna  
14.30 Kraftakeppni Magnúsar Ver  
15.00 Bardagasýning  
16.30 Bogfimikeppni víkinga  
16.30 Sagnakona  
17.00 Bardagasýning  
17.30 Kraftakeppni Magnúsar Ver  
18.00 Leikir  
19.00 Bardagasýning  
20.00 Víkingaveisla í Fjörúkránni  
20.00 Víkingamarkaði lokað  
23.00 Dansleikur  
02.00 Lokun

#### Sunnudagur 14. júní

13.00 Víkingamarkaður opnaður  
14.00 Leikir  
14.30 Víkingaskóli barnanna  
14.30 Kraftakeppni Magnúsar Ver  
15.00 Bardagasýning  
16.30 Sagnakona  
16.30 Bogfimikeppni víkinga  
17.00 Bardagasýning  
17.30 Kraftakeppni Magnúsar Ver  
18.00 Leikir  
19.00 Bardagasýning  
19.00 Víkingaveisla í Fjörúkránni  
20.00 Víkingamarkaði lokað  
23.00 Dansleikur  
04.00 Lokun

#### Mánudagur 15. júní

MARKAÐUR LOKAÐUR  
12.00 Veitingastaðir opnaðir  
19.00 Víkingaveisla í Fjörúkránni  
02.00 Lokun

#### Þriðjudagur 16. júní

12.00 Veitingastaður opnaður  
13.00 Víkingamarkaður opnaður  
14.00 Leikir  
14.30 Víkingaskóli barnanna  
15.00 Bardagasýning  
16.30 Bogfimikeppni víkinga  
16.30 Sagnakona  
17.00 Bardagasýning  
18.00 Leikir  
19.00 Bardagasýning  
20.00 Víkingamarkaði lokað  
20.00 Víkingaveisla í Fjörúkránni  
23.00 Dansleikur  
04.00 Lokun

#### Miðvikudagur 17. júní

13.00 Víkingamarkaður opnaður  
14.00 Leikir  
15.00 Bardagasýning  
15.30 Bogfimikeppni víkinga  
17.00 Bardagasýning  
18.00 Leikir  
19.00 Bardagasýning  
19.30 Loka athöfn,  
Blót að hætti víkinganna  
20.00 Víkingaveisla í Fjörúkránni  
23.00 Dansleikur að hætti víkinga  
02.00 Lokun

### Sólstöðuhátíð víkinga við Fjörúkrána

12. til 17. júní 2009

Víkingahátíðin í Hafnarfirði á vegum Fjörúkrárinna er elsta, stærsta og mikilvægasta hátíð sinnar tegundar sem haldin er á Íslandi. Síðan 1995 hefur Hafnarfjörður og Fjörúkráin verið leikvöllur víkinga sem hafa í gegnum tíðina sýnt flesta þætti menningar víkingaaldar, siglingar, handverk, matargerð, leiki, sagnalist, bogfimi, bardaga og tónlist. Hingað hafa komið og tekið þátt í því að heiðra minningu forfeðra okkar þúsundir listamanna hvaðanæva að úr Evrópu og Ameríku í gegnum árin. Stundum hefur verið tilefni til að koma með óvænt innskot, stílbrot til að undirstrika enn frekar hvernig nútíminn og víkingar fortíðar geta verið saman í sátt og samlyndi og myndað sterka heild.

Allt frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að allt sé sem upprunalegast, að hátíðargestum finnst sem þeir hafi verið færðir þúsund ár aftur í tímann og þeir eins og fyrir einhvers konar kraftaverk séu staddir á sumarkaupstefnu. Skip frá útlöndum hefur komið til hafnar og verið tekið í naust, vörur bornar á land og kaupmenn hafa tekið upp varning sinn og stunda kaupskap. Það er mikið um dýrðir, tónlist, trúðleikar og dansmeyerjar, mungát góð eins og segir í fornum bókum og borð svigna undan kræsingum. Síðan þegar allt virðist leika í lyndi kastast í kekki, menn berast á banaspjót og í góðsemi vega menn hver annan.

Á Víkingahátíðinni 2009 verður enn reynt að kynna til sögunnar nýja og ferska strauma, nýjar hetjur verða kallaðar til og reyndar ásamt gömlum kempum sem tryggja gestir hátíðarinnar þekkja. Alls má gera ráð fyrir að nú verði víkingar nær þriðju hundruð, íslenskir sem erlendir. Markaðurinn verður opin alla hátíðardagana, frá klukkan 13 til 20, nema það verður lokað mánudaginn 15. júní. Svo verða dansleikir flest kvöldin fram á á morgun.

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,6	128,2
Sterlingspund	205,55	206,55
Evra	176,94	177,94
Dönsk króna	23,76	23,9
Norsk króna	19,799	19,915
Sænsk króna	16,273	16,369
Japanskt jen	1,2967	1,3043

SDR 195,54 196,7

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,1749

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Guantanamo-fangabúðirnar: Fangi fluttur til New York

**BANDARÍKIN, AP** Fyrsti fanginn úr Guantanamo-fangabúðunum, sem réttad verður yfir í Bandaríkjunum, kom til New York í gær. Þá kom hann einnig fyrir dómara.

Ahmed Ghailani er ákærður fyrir hlut sinn í sprengingum í Tansaníu og Keníu árið 1998, þar sem 224 manns létu lífið.

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur sagt að fangabúðunum verði lokað í síðasta lagi snemma á næsta ári, en þar eru nú um 240 fangar.

- þeb



Á SLYSSTAÐNUM Fórarlömb sýruárárinna brenndust ekki mjög alvarlegar og fengu flestir aðhlyningu á slystað.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þriðja árásin á hálfu ári:

## Sýru kastað í hóp fólks

**HONG KONG, AP** Alls 24 brenndust þegar sýru var skvett á vegfarandur í einu af stærstu hverfum Hong Kong á mánudag. Þetta er þriðja sýruárásin í hverfinu á sex mánuðum. Lögregla segir mögulegt að sama manneskjan beri ábyrgð á öllum árásum.

Að sögn lögreglu var flösku með vökvanum kastað úr húsi niður í hóp fólks. Ekkert fórnarlambanna brenndist alvarlega. Í síðasta mánuði brenndust 30 manns í svipaðri árás og í desember brenndust 46 manns.

Lögregla skoðar nú öryggismyndavélar til að reyna að bera kennsl á árásmanninn.

- þeb

Kona á nírræðisaldri beið bana þegar eldur kom upp í sumarbústað:

# Lést í eldsvoða á Kljáströnd

**ELDSVOÐI** Kona á nírræðisaldri lést í eldsvoða í sumarbústað á Kljáströnd skammt frá Grenivík í gærmorgun. Eiginmaður hennar var með henni í húsinu og var fluttur með brunasár á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Slökkviliðinu í Grýtubakka-hreppi barst tilkynning um eldinn á níunda tímanum. Bústaðurinn, gamalt hús sem hefur verið breytt í sumarbústað, var alelda þegar slökkvilið kom á staðinn. Slökkvistarf gekk greiðlega og tók ekki nema um fimmtán mínútur.

Eldsupptök eru ókun að svo stöddu en lögreglan á Akureyri rannsakar málið.

- sh



Á VETTvangi Húsið er gamalt íbúðarhús sem breytt hefur verið í sumarbústað. Eiginmaður konunnar sem lést var fluttur á sjúkrahús með brunasár.

MYND/AKUREYRI.NET

Ólafur F. Magnússon:

## Eini málsvari hústökufólks

**REYKJAVÍK** „Hústökufólkið og almenningur á engan málsvara í borgarstjórn nema þann sem hér talar,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi. Þetta hafi sést á viðbrögðum VG við tillögu hans um að eigendur Frikirkjuveggar 11 skiluðu húsinu aftur til borgarinnar, endurgjaldslaust.

„VG létu bóka á fundinum að þeir vonuðust til að húsið kæmist í eigu almennings en studdu ekki tillögunna. Það sýnir sig betur og betur að lítið er að marka orð þeirra,“ segir Ólafur. Hann hafi með tillögunni viljað gefa Björgólfi Thor Björgólfssyni tækifæri til að láta gott af sér leiða.

- kóp



FARSÆLL Á MIÐUNUM Þorskvótinn er nú 160 þúsund tonn og var hækkaður um 30 þúsund tonn í janúar vegna efnahagsástandsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

# Veiðiráðgjöf í þorski fylgt næstu fimm ár

Ríkisstjórnin hefur mótað nýja nýtingarstefnu í þorskveiðum til næstu fimm ára. Alþjóðahafrannsóknaráðinu hefur verið kynnt ákvörðunin bréfléiðis.

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra hefur sent Alþjóðahafrannsóknaráðinu (ICES) bréf þess efnis að ríkisstjórn Íslands hafi mótað nýtingarstefnu í veiðum á þorski til næstu fimm ára. Stefnan byggist á að veiðihlutfall sé aldrei meira en 20 prósent af viðmiðunartofni. ICES er beðið um að meta formlega hvort stefnan samræmist varúðarsjónarmiðum um sjálfbæra þróun.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, sem byggist á 20 prósentu veiðireglunni, fyrir næsta fiskveiðiár er 150 þúsund tonn af þorski. Samkvæmt nýtingarstefnu ríkisstjórnarinnar verður þeirri ráðgjöf fylgt, sem og næstu fjögur fiskveiðiár, eins og skýrt er tekið fram í niðurlagi bréfsins sem var sent til ICES 22. maí síðastliðinn. „Ríkisstjórn Íslands mun ákveða

aflaheimildir í þorski næstu fimm ár út frá veiðireglunni og greinir hér með aðalritara frá þessari nýtingarstefnu.“

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir frumskilyrði að stofnunin viti á hvaða grundvelli hennar ráðgjöf á að hvíla. „Þess vegna var nauðsynlegt að leggja fram nýtingarstefnu frá hendi stjórnvalda. Þessi ákvörðun er í samræmi við okkar tillögur og við teljum að það sé vísasta leiðin til þess að tryggja sterkari hrygningarstofn og bættu nýliðun á komandi árum.“ Jóhann segist ekki hafa trú á að þorskveiði fari niður fyrir þann lágmarkskvóta sem gefinn hefur verið út á undanförunum árum, en það sé þó háð hagstæðum fæðuskilyrðum í hafinu og bættri nýliðun. Jóhann útilokar ekki að veiðihlutfallið verði hækkað eftir

fimm ár sýni þorskstofninn þann bata sem vonast er eftir. Það er að hrygningarstofninn árið 2015 verði yfir núverandi stærð sem er metin 220 þúsund tonn.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir að afstaða landssambandsins sé að nauðsynlegt sé að viðhafa varfærna nýtingarstefnu sem verði til þess að stofninn stækki. „En það liggur jafnframt fyrir að við teljum það mistök að hafa farið með þorskvótinn í 130 þúsund tonn 2007. Við teljum að það sé engin ástæða til að lækka aflamarkið úr 160 þúsund tonnum. Reglustikuaðferð eins og hér er boðuð er engan veginn nauðsynleg.“ Friðrik óttast ekki að þorskvótinn verði færður niður fyrir það lægsta sem hingað til hefur þekkt í kjölfar nýrrar nýtingarstefnu.

svavar@frettabladid.is

Breytingar á reglum LÍN:

## Lána ekki fyrir fullu skólagjaldi

**MENTUN** Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna mun í vikunni skila menntamálaráðherra tillögum sínum um breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins. Meðal breytinga sem átti að gera var að lána einungis fyrir 75 prósentum skólagjalds nemenda og átti það að taka gildi næsta haust. „Okkur tókst að fá stjórnina af því,“ segir Ingólfur Birgir Sigurgeirsson, fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í stjórninni.

„Okkar rök voru þau að það væri mjög ósanngjarnt gagnvart nemendum sem eru búnir að borga staðfestingargjöld, jafnvel í dýrum háskólum, og fá svo allt í einu að vita að þau verða að fjármagna fjórðung skólagjaldsins úr eigin vasa.“

Hann telur hins vegar miklar líkur á því að þessi breyting verði gerð á næsta ári.

- jse

Endurnýjun Miklatúns:

## Taka tillit til óska íbúa

**SKIPULAGSMÁL** „Ég geri ráð fyrir að forsögn um túnið verði klárðu á næsta fundi starfshópsins,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur og verkefnahóps um endurnýjun Miklatúns. Að sögn Þorbjargar er slík forsögn forsenda þess að framkvæmdir við endurnýjun túnsins geti hafist, sem verði svo forgangsraað yfir næstu ár.

Þorbjörg segir mikið tillit tekið til óska og ábendinga sem komu fram á íbúafundi um málefni túnsins í síðasta mánuði.

Almenningur getur einnig komið hugmyndum á framfæri á Facebook-síðu verkefnahópsins, sem heitir Betra Miklatún – Borgargarður fyrir fólk.

- kg

ostur.is

# Ómissandi í ferðalagið

**10% afsláttur** af Samlokuosti í sneiðum í sérmerktum umbúðum í næstu verslun.

## VEÐURSPÁ

**HEIMURINN**

Alicante	28°
Amsterdam	19°
Basel	24°
Berlín	21°
Billund	16°
Eindhoven	20°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	20°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	25°
London	19°
New York	21°
Orlando	33°
Osló	16°
París	19°
Róm	27°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 3-8 m/s FÖSTUDAGUR 3-8 m/s

<b>TRISTAR MÍNÚTUGRILL</b>  <b>Tilboð 8.990 kr.</b> Þú sparar 2.000 kr.	<b>GUFUSUÐUPOTTUR</b> <b>25% afsláttur</b>  <b>Tilboð 4.498 kr.</b> Þú sparar 1.499 kr.	<b>SMÁPENINGA TILBOÐ</b> <b>Frábærar viðtökur</b> <b>Margar vörur</b> <b>100 kr. 200 kr.</b> <b>300 kr. 400 kr.</b> <b>500 kr.</b>	<b>KITCHEN AID HRÆRIVÉL</b> <b>HVÍT</b> <b>Tilboð 66.405 kr. stgr.</b> Þú sparar 3.495 kr.  <b>ÝMSIR LITIR</b> <b>Tilboð 69.255 kr. stgr.</b> Þú sparar 3.645 kr.	 <b>Matriðslubók og svunta fylgja frítt með að andvirði kr. 8.300.-</b>
<b>ELDHÚSVOG</b> <b>1gr. nákvæmni</b>  <b>20% afsláttur</b> <b>Tilboð 3.999 kr.</b> Þú sparar 1.000 kr.	<b>BORÐVIFTA</b>  <b>20% afsláttur</b> Verð áður 4.997 kr. <b>Tilboð 3.998 kr.</b>	<b>SEVERIN POPPKORNSVÉL</b> <b>Loftvél, enginn olía</b>  <b>20% afsláttur</b> Verð áður 4.499 kr. <b>Tilboð 3.599 kr.</b>	<b>ROBOMOP GÓLFHREINSIR</b>  Verð áður 7.447 kr. <b>Tilboð 4.998 kr.</b> Þú sparar 2.449 kr.	<b>WASSERMAXX SÓDAVATNSTÆKI</b>  <b>Verð 19.990 kr.</b> Ýmsir litir, frítt bragðefni fylgir með. <b>Verð 22.990 kr.</b> Stál, frítt bragðefni fylgir með.
<b>ÚTILUKT SOLSTREJF</b> <b>18,5X20</b>  <b>50% afsláttur</b> <b>Tilboð 3.498 kr.</b> Þú sparar 3.498 kr.	<b>HITAMÆLIR ÚTI-INNI</b> <b>Stafrænn/þráðlaust</b>  <b>25% afsláttur</b> Verð áður 5.997 kr. <b>Tilboð 4.498 kr.</b> Þú sparar 1.499 kr.	<b>EVA TRIO PANNA 28 cm</b> <b>10 ára ábyrgð</b>  <b>25% afsláttur</b> Verð áður 16.838 kr. <b>Tilboð 12.629 kr.</b> Þú sparar 4.210 kr.	<b>VENICE MATARSTELL</b> <b>20STK</b>  <b>33% afsláttur</b> <b>Tilboð 4.999 kr.</b> Þú sparar 2.488 kr.	

# Tifandi tilboðssprengja aðeins 5 dagar

Miðvikudag - fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag eða á meðan birgðir endast

<b>KARAFLA 1L</b> <b>50% afsláttur</b>  <b>MASSÍFT GLER, Á 1/2 VIRÐI</b> <b>Tilboð 500 kr.</b>	<b>SCHOU EGGJASUÐUTÆKI</b> <b>20% afsláttur</b>  <b>Tilboð 2.392 kr.</b>	<b>TRISTAR KAFFIMALARI</b>  <b>20% afsláttur</b> Verð áður 4.990 kr. <b>Tilboð 3.990 kr.</b> Þú sparar 1.000 kr.	<b>FRANCIS FRANCIS KAFFIVÉLAR X6</b> <b>x1 vélarnar á kr. 54.900</b> <b>Kaffi fylgir frítt með</b>  Verð áður 38.300 kr. <b>Tilboð 32.500 kr.</b> Þú sparar 5.800 kr.	
--	--	---	--	--

## SUMARLEIKUR byggto**g**búið

Þegar þú verslar í Byggt og búið getur þú sett nafn þitt í pott. Dregið verður úr pottinum í enda sumars, veglegir vinningar í boði.

**POPPKORNSSKÁL**  
**36% afsláttur**  
  
**Tilboð 1.749 kr.**  
 Þú sparar 1.000 kr.
 

## Brúðargjafalisti

- Ávinningur tilvonandi hjóna
- Inneign:** 6,77-10% eykst við hverja úttekt.
  - Happdrætti:** meðal vinninga Kitchen Aid hraerivél.
  - Góðgeðarmál:** brúðhjón sem skrá sig á lista leggja lið góðgerðarmáli að eigin vali með okkar hjálp.



<b>BABYLISS SLÉTTUJÁRN</b> <b>20% afsláttur</b>  Verð áður 6.990 kr. <b>Tilboð 5.592 kr.</b> Þú sparar 1.398 kr.	<b>EXCELLENT STRAUJÁRN</b> <b>50% afsláttur</b>  Verð áður 3.990 kr. <b>Tilboð 1.990 kr.</b> Þú sparar 1.000 kr.	<b>JAMIE OLIVER MORTEL</b> <b>Granít 15cm</b>  <b>30% afsláttur</b> <b>Tilboð 4.716 kr.</b> Þú sparar 2.021 kr.	<b>PIPARKVÖRN BATTERÍS</b> <b>40% afsláttur</b>  <b>Tilboð 1.499 kr.</b> Þú sparar 1.000 kr.	<b>BAÐVOG EKS DOMUS</b> <b>25% afsláttur</b>  <b>Tilboð 4.817 kr.</b> Þú sparar 1.606 kr.
---	--	--	---	--

<b>VASALJÓS LED</b>  <b>43% afsláttur</b> Verð áður 1.315 kr. <b>Tilboð 750 kr.</b>	<b>DRYKKJULEIKUR ROULETTE</b> <b>29% afsláttur</b>  <b>Tilboð 2.499 kr.</b> Þú sparar 1.000 kr.	<b>RAFMAGNSPANNA</b>  <b>33% afsláttur</b> <b>Tilboð 3.997 kr.</b> Þú sparar 2.000 kr.
---	--	--

**byggto**g**búið**  
 Kringlunni  
 568 9400  
[www.byggto\*\*g\*\*buid.is](http://www.byggto<b>g</b>buid.is)

## KJÖRKASSINN



Hefurðu grillað síðan sumarið gekk í garð?

Já 78%  
Nei 22%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Gunnar Birgisson að segja af sér sem bæjarstjóri í Kópavogi?

Segðu skoðun þína á visir.is.

Opinn fundur Umhverfisstofnunar um útiræktun á erfðabreyttu byggi:

## Ráðgjafar skiptast í fylkingar

**NÁTTÚRA** Umhverfisstofnun efndi til opins fundar á Grand hóteli í gær þar sem rætt var um útiræktun á erfðabreyttu byggi. Tilfnið er að stofnunin hefur til meðferðar umsókn frá ORF Líftækni hf. um að hefja slíka ræktun í tilraunaskyni.

Í lok fundar var fulltrúum Umhverfisstofnunar afhentur undirskriftalisti með um þúsund undirskriftum þar sem stofnunin er hvött til að veita ekki leyfið. Almennangi gefst tækifæri til að senda stofnuninni athugasemdir til 12. júní en niðurstaðan mun líklegast liggja fyrir hinn 16. júní.

„Sambærileg leyfi hafa verið veitt í Evrópu undanfarin ár,“ segir



**BJÖRN LÁRUS ÖRVAR** Íslendingar eru síður en svo fyrstir til að freista þess að hefja útiræktun á byggi segir framkvæmdastjóri ORF.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri ORF. „Samkeppnisaðilar

okkar í Þýskalandi eru til að mynda að rækta á nokkrum hekturum svo það er mikill misskilningur að við Íslendingar séum að ríða á vadið í þessum efnu líkt og heyrst hefur í umræðunni.“

Meirihluti ráðgjafarnefndar um erfðabreyttar lífverur hefur þegar veitt umsókninni jákvæða umsögn en tveir nefndarmenn voru því mótfallnir og skiluðu séráliti. Gunnar Á. Gunnarsson er annar þeirra og í séráliti sínu vísar hann meðal annars í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Eva Benediktsdóttir, formaður nefndarinnar, segir hins vegar enga ástæðu til að synja ORF um leyfið. -jse

Vélasalan R. Sigmundsson:  
**Vikið úr stjórn**

**LÖGREGLUMÁL** Sigurði Ólasyni, sem handtekinn var í fyrradag vegna gruns um aðild hans að störfelldu fíkniefnasmygli og peningabætti, hefur verið vikið úr stjórn Vélasölunnar – R. Sigmundssonar. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá fyrirtækinu.

„Rannsókn lögreglu beinist ekki á nokkurn hátt að fyrirtækinu heldur persónulegri starfsemi mannsins sem hafði, líkt og fleiri sjálfstætt starfandi einstaklingar, skrifstofu til afnota í húsi fyrirtækisins,“ segir í yfirlýsingu.

Enn fremur að Sigurður hafi ekki haft afskipti af daglegum rekstri né aðgang að sjóðum fyrirtækisins. -jss

## Dóp í hraðsendingu hratt málinu af stað

Fíkniefni í kílóavís í hraðsendingu sem barst hingað til lands olli straumhvörfum í rannsókn gríðarmikils fíkniefnamáls. Þrír menn sitja í gæsluvarðhaldi. Lögregla rannsakar meðal annars hvort tengsl séu við alþjóðlegan glæpahring.

**LÖGREGLUMÁL** Þrír karlmenn sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna gríðarlega umfangsmikils fíkniefnamáls sem talið er teygja anga sína víða um lönd. Lögreglan verst fregna af því hvaða lönd rannsóknin varðar á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Fyrsti maðurinn var handtekinn eftir að hraðsending sem reyndist innihalda nokkur kíló af hörðum fíkniefnum hafði borist hingað til lands.

Hann var handtekinn 22. maí og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 2. júní. Gæsluvarðhald var síðan framlengt til 12. júní vegna rannsóknarhagsmuna.

Tveir karlmenn til viðbótar hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 19. júní, grunaðir um aðild að skipulagningu á innflutningi á fíkniefnum til landsins auk peningabættis. Þeir eru Ársæll Snorrason, sem er á fimmtugsaldri, og Sigurður Ólason sem er á sextugsaldri. Ársæll var raunar handtekinn í fangelsinu á Litla-Hrauni, þar sem hann afplánar nú fimm ára dóm vegna BMW-málsins svokallaða. Í því máli var reynt að smygla til landsins fimmtán kílóum af amfetamíni og tíu af hassi í bensíntanki BMW-bíls árið 2006. Ársæll hafði áður verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi í Hollandi fyrir fíkniefnabrot.

Þriðji maðurinn sem situr nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins er Sigurður Ólason. Hann var fyrir nokkrum árum dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir aðild sína að smygli á þrjátíu kílóum af hassi.

Fjórdi maður var einnig handtekinn í aðgerðum lögreglunnar



**FÍKNIEFNI** Mikíð magn fíkniefna hefur verið tekið það sem af er árinu. Lögregla rannsakar nú afar umfangsmikið mál sem talið er ná víða um lönd.

en honum var sleppt að skýrslutöku lokinni.

Hvað þá þrjá menn varðar, sem sitja í gæsluvarðhaldi nú, rannsakar lögregla meðal annars hvort tengsl séu milli þeirra og alþjóðlegs glæpahringis, sem meðal annars hefur staðið fyrir fíkniefnasmygli og öðrum umfangsmiklum afbrotum.

Í aðgerð lögreglu í fyrradag voru fimm menn handteknir og ellefu húsleitir gerðar. Rannsókn lögreglu er liður í rannsókn fleiri landa og unnin í samvinnu við tengslaskrifstofu Íslands hjá Eupopol. Hér á landi hafa lögregluembættin á Suðurnesjum og toll-yfirvöld komið að málinu.

jss@frettabladid.is

## Hvað er í matinn?

Ljúffengar kjötbollur í brúnni sósu frá Ora.  
...einfalt, fljótlegt og gott!

Ástríða í matargerð

www.ora.is

**NÝ VARA**



## Margar lausnir á hverjum vanda

„Þeir sem einblína á ESB loka augunum fyrir öðrum leiðum. Veltum upp öllum kostum og vöndum okkur við stórar ákvarðanir.“

Ákvörðun um ESB aðild má ekki taka út frá skammtímasjónarmiðum. Það verður að horfa áratugi fram í tímann. Minnumst þess að það var í krafti sjálfstæðis sem þjóðin bætti lífskjör sín frá því að vera ein sú fátækasta í að verða ein sú ríkasta.

Hjálmar Gíslason, frumkvöðull

Ertu sammála? Skráðu þig á heimssyn.is



Hreyfing sjálfstæðisinnar í Evrópumálum

Krafa um aðkomu AGS var skynsamleg, segir utanríkisráðherra Finnlands:

## Samstaða sögð með Íslandi

**UTANRÍKISMÁL** Ráðherrar Norðurlanda minntust gjarnan á samstöðu þjóðanna með Íslendingum á blaðamannafundi í Reykjavík í gær.

Norski ráðherrann var sá eini sem sagði að gjaldeyrslán landanna væru tengd lausn Icesave-deilunnar, en hinir sögðu svo ekki vera að beinu leyti. Svíar leggja hugsanlega lánveitingu sína fyrir þingið á næstunni.

Alexander Stubb, utanríkisráðherra Finnlands, var spurður hvers vegna Norðurlöndin hefðu gert samninga við AGS að skilyrði fyrir lánveitingu til Íslands og hvernig það færi saman við yfirlýsta samstöðu með landinu.

„Ég sé ekki að það sé mótsögn í þessu. Það er mjög mikilvægt þegar veitt er lán að skilyrði fylgi um hvernig það verði greitt til baka og hvaða áhrif það hefur á



**„ÍSLAND HAR VENNER“** Ráðherrarnir minntust ósjaldan á norræna samstöðu og virtist afar vel fara á með þeim í gær. Utanríkisráðherra Finna mælti með því að Ísland tryggði sér stuðning þjóðverja, Breta og Frakka í aðildarviðræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

fjármálakerfið,“ sagði hann. Ísland hafi þó notið trausts hinna þjóðanna. „Það er engin spurning um það, en ríki eru ekki bankamenn sem veita lán á forsendum lauslegra loforða. Það þurfa að vera sterkar þvingingar og því fleiri því betra. Því er þetta ekki spurn-

ing um samstöðu heldur almenna skynsemi,“ segir hann.

ESB-ráðherrarnir, frá Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, lögðu áherslu á að þeir styddu hugsanlega aðild Íslands að sambandinu. Viðræður yrðu þó ekki auðveldar, sagði Stubb. -kjp

# TAX FREE! TAX FREE!



**AÐEINS  
MIÐVIKUDAG  
TIL  
FÖSTUDAGS**

## ALLT FYRIR ÚTILEGUNA ÁN VSK

Tjöld - Tjaldhúsgögn - Svefnpokar - Loftdýnur - Pumpur - Kælibox - Ferðagasgrill - Einnota grill  
Ferðaklósett - Leikföng - Flíspeysur - Gönguskór - Vindgallar - Regnföt - Síð nærföt og margt fleira

**Tax Free - mikið úrval!**

**ALLUR  
ÚTIVISTAR-  
FATNAÐUR  
ÁN VSK**

**ÖLL  
TJÖLD  
ÁN VSK**

**ÖLL  
TJALD-  
HÚSGÖGN  
ÁN VSK**

**ALLUR  
VIÐLEGU-  
BÚNAÐUR  
ÁN VSK**

Gildir í Húsasmíðjunni um land allt  
Úrval getur verið mismunandi milli verslana

HÚSASMÍDJAN x blómaval Fráber saman

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum?
2. Hvaða grillkjöt er vinsælasta kjötið í verslunum Krónunnar?
3. Hver mun leikstýra uppfærslu á Íslandsklukkunni á næsta ári?

SVÖRIN ERU Á Síðu 26

Reynt að senda þúsundir stolinna rakvélaþaða úr landi á ári:

## Um 260 kíló af þýfi í póstinum

**TOLLAMÁL** Um 260 kíló af þýfi hafa verið stöðvuð af tollgæslunni í póstinum það sem af er þessu ári, að sögn Karenar Bragadóttur, forstöðumans tollasviðs Tollstjóra.

Á síðasta ári lagði lögreglan hald á þrjú tonn af þýfi, eftir að góssið hafði verið stöðvað í tollinum, eins og Fréttablaðið hefur greint frá.

„Til viðbótar þessu í póstinum hafa komið upp nokkur önnur mál, til dæmis með skipaflutningum, þar sem tollgæslan hefur stöðvað varning á leið úr landi og lögregla síðan rannsakað nánar,“ segir Karen. Hún bætir við að þar megi nefna mál sem nú sé til rannsóknar eftir að vörubretti fullt af

verkfærum hafi verið stöðvað á leið úr landi fyrr á árinu. Ekki sé hægt að veita nánari upplýsingar um það mál vegna rannsóknarhagsmuna.

„Það sem við sjáum í þessum sendingum eru aðallega verkfæri og fatnaður,“ segir Karen. „Þá er reynt að flytja út töluvert af rakvélaþöðum, því þau eru mjög dýr. Það eru kannski þúsund rakvélaþöð í einni sendingu, sem menn eru að reyna að flytja út.“

Karen segir sendingarnar yfirleitt stílaðar til Póllands og Litáen, en stundum sé sendandinn óþekktur því hann finnst ekki í þjóðskrá.

-jss



**VERKFÆRI** Verkfæri og fatnaður eru stærstur hluti þess þýfis sem reynt er að flytja úr landi.

Aukin ritskoðun í Kína:

## Setja netvara í allar tölvur

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld hafa ákveðið að allar tölvur sem seldar verða frá og með næstu mánaðamótum verði búnar netvara. Netvarinn er hugbúnaður sem síar út síður á netinu.

Að sögn stjórnvalda mun búnaðurinn vera notaður til að loka á klám- og ofbeldissíður. Þannig eigi að stuðla að betra netumhverfi fyrir ungt fólk, að sögn upplýsingafulltrúa í kínverska utanríkisráðuneytinu. Gagnrýnendur óttast hins vegar að netvarinn verði notaður til að auðvelda og auka enn frekar á ritskoðun stjórnvalda á pólitísku efni.

-peb

### Nýjung á Ísland

**Flugnet** í glugga, hurðir, svalir og á sólpalla. Til sjávar og sveita. Snyrtileg lausn, sérsmíðað eftir máli.

SBD ehf. Sími 895-9801  
oskar@sbd.is - www.sbd.is

## Fáir nemendur skrá sig í sumarnámskeið

Mun færri sækja sumarnámskeið HÍ en búist var við. Bryn þörf var talin fyrir þau. Rúmum sjö hundruð milljónum var veitt til að standa straum af þeim. Peningarnir eiga eftir að nýtast segir menntamálaráðherra.

**MENNTUN** Um 1.000 nemendur hafa skráð sig í sumarnámskeið Háskóla Íslands. Mæting hefur verið frekar dræm og nú á miðnætti rennur út fresturinn til að segja sig úr námskeiðum og töldu skrifstofustjóri nemendaskrár og kennslustjóri á félagssviði skólans nokkuð víst að nokkur fjöldi myndi skrá sig úr námskeiðinu.

Fram kom í könnun sem Stúdentaráð lét gera síðastliðinn vetur að um 10 þúsund nemendur sæju ekki fram á að fá vinnu í sumar og teldu því sumarnámskeið mikilvægan kost. Niðurstöður könnunarinnar juku þrýsting á yfirvöld um bjóða upp á námskeiðin. „Í byrjun voru um tvö þúsund skráningar og á bak við þær um þúsund einstaklingar en svo hefur þeim fækkað eitthvað,“ segir Kristín Jónasdóttir, skrifstofustjóri Nemendaskráningar HÍ. Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, rekstrarstjóri félagsvísindasviðs, segir að kennarar hafi tjáð sér að mætingin beri það með sér að líklegast verði nokkuð um úrsagnir úr námskeiðum.

Í apríl lét Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra auka eigið fé Lánasjóð Íslands um 650 milljónir vegna fjölda umsókna um sumarlán. Þar að auki fengu háskólar landsins samanlagt á bilinu 50 til 100 milljónir króna til að standa straum að kostnaði við sumarnámskeið skólanna. En er þetta þá ekki illa farið með þá fjármuni sem settir voru í verkefnið? „Þeir munu nýtast hvort sem er,“ segir Katrín. „Eins og hjá Lánasjóðnum þá mun þetta nýtast sjóðnum í haust. Ég hef engar áhyggjur af því.“ Og hvað með fjármunina sem háskólarnir fengu til að



**AÐGERDIRNAR KYNTAR** Á fundinum í apríl sagði menntamálaráðherra, sem situr fyrir miðju, frá aðgerðum sem ættu að nýtast háskólanemum í sumar. Henni á hægri hönd er Kristín Ingólfsdóttir rektor og hinum megin er Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

standa straum af þessum námskeiðum? „Ég ímynda mér að háskólarnir hagi seglum eftir vindi eins og aðrir og geymi sér þá fjármunina ef þeir nýtast ekki.“

En hún sér einnig jákvæð merki í þessum tíðindum. „Þetta eru í sjálfu sér ekki vonbrigði því auðvitað vonar maður að námsmenn hafi fengið eitthvað að starfa í sumar. Þetta var hugsað sem aðgerð til að bregðast við ákveðnu atvinnuástandi og ég er enn ekki komin með tölur í hendurnar um fjölda nemenda á atvinnuleysisráðgjafa- og þjónustuveri. Ég hef engar áhyggjur af því.“ Og hvað með fjármunina sem háskólarnir fengu til að

var þegar Stúdentaráð gerði könnunina.“

Katrín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, segir háskólann fá ákveðið fjármagn fyrir hvert námskeið. Allt verði gert upp í sumarlok svo ekkert verði afgang af þessari úthlutun til annarra verka. Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs, segir að hluti af skýringunni á svo lítilli aðsókn kunni að felast í því að ekki hafi verið nógu mörk námskeið í boði svo að nemendur hafi ekki fengið námskeið við þeirra hæfi. 500 eru skráðir í sumarnám Háskólans í Reykjavík sem er metfjöldi þar.

jse@frettabladid.is

**Sumarhappdrætti**  
Krabbameinsfélagsins

Dregið 17. júní 2009

176 skattfrjálsir vinningar  
að verðmæti 24.240.000 kr.

Vertu með og styrktu  
gott málefni

SUZUKI

Auglýsingasími

**512 50 50**

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið



410 4000 | landsbankinn.is

### RÁÐGJAF- OG ÞJÓNUSTUVER

Þóra leggur reglulega inn í Blóðbankann. Hún og 32 aðrir taka vel á móti þér í Ráðgjafa- og þjónustuveri.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.



ENNEVIK / SIA / INMB003



# ÞVOTTI

4.-21.  
JÚNÍ

# DAGAR



## TILBOÐSVERÐ 15% afsláttur

**AEG**  
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

TF1255E



Elektro **EH** Helios

### Elektro Helios þvottavél

1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanlega þvottakerfi. Þvottahæfni: A Þeytivistuafköst: B · Orkuflokkur: A+

**TILBOÐSVERÐ:**  
**KR. 89.900.-**

TF1465E



### Elektro Helios þvottavél

1400 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanlega þvottakerfi. Tímaskjór sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A Þeytivistuafköst: B · Orkuflokkur: A+

**TILBOÐSVERÐ:**  
**KR. 99.900.-**

**HÉR SPARAR ÞÚ 39.900,-**

LAVAMAT 62840

**NÝJA PARIÐ**



LAVATHERM T55460

### AEG þvottavél

1200 snúninga · 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.

Listaverð: Kr. 229.800,- parið  
**TILBOÐSVERÐ:**  
**Kr. 189.900,- parið**

### AEG þurrkari

Barkalaus · Tekur 6 kg. Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur

LAVAMAT 62840



**AEG**  
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

### AEG þvottavél

1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjór sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivistuafköst: B Orkuflokkur: A+

**TILBOÐSVERÐ:**  
**KR. 109.900**

LAVAMAT 64840



### AEG þvottavél

1400 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. Tímaskjór sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivistuafköst: B Orkuflokkur: A+

**TILBOÐSVERÐ:**  
**KR. 119.900**

**HÉR SPARAR ÞÚ 49.900,-**

LAVAMAT 64851

**ÍSLENSKA PARIÐ**



LAVATHERM 56740

### AEG þvottavél

1400 snúninga · 7 kg af þvotti. Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi. ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

Listaverð: Kr. 279.800,- parið  
**TILBOÐSVERÐ:**  
**Kr. 229.900,- parið**

### AEG þurrkari

Barkalaus · Tekur 7 kg. Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

Allar einstakar þvottavélar og þurrkarar nú á tilboðsverði. Þú gerir ekki betri kaup á hágæða þvottavélum!

**ORMSSON**

Gerðu hreinlega góð kaup!

UMBOÐSMENN  
UM LAND ALLT

Sjá nánar á [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

ORMSSON  
LÁGMÚLA 8  
SÍMI 530 2800

ORMSSON  
SMÁRALIND  
SÍMI 530 2900

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
MODEL-AKRANESI  
SÍMI 431 3333

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
VÍK-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

Bragðgóð nýjung

**Fjör**  
**ostur**

Prófaðu nýja bragðgóða Fjörstinn, fituminnsta kostinn í ostaúrvali dagsins.

aðeins  
**9%**

Ríkur af mýsupróteinum

**Global Call**

Allt að 90% ódýrari símtöl til útlanda beint úr símanum þínum

500 ISK 1000 ISK 2000 ISK

VERDDÆMI	Mínútuverð frá kr.
Danmörk	3.1 kr.
Svíþjóð	3.1 kr.
Noregur	3.7 kr.
Þýskaland	3.1 kr.
Bandaríkin	3.1 kr.
Kanada	3.1 kr.
Spánn	3.2 kr.
Kína	4.8 kr.
Bretland	3.1 kr.
Pólland	3.1 kr.
Frakkland	3.7 kr.
Filippseyjar	22.2 kr.

**SÖLUSTADIR**

www.GlobalCall.is · 10-11, Krónan, Nóatún, 11-11, Nettó, Samkaup, Shell, N1, Olis og allir helstu sölutumar um land allt

GlobalCall ehf. · Dunhaga 5, 107 Reykjavík · s: 578-2280 · www.GlobalCall.is

Hringdu um allan heim!

Njóttu sumarsins

**Lóritín®**  
– Kröftugt ofnæmislyf

Notkun: Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. Skómmtun: Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta líffræstarfsemi með minni skammti. Frábendingar: Ofnæmi fyrir virka efni eða hjálparefnum. Varðarreglur: Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikilo skerta líffræstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstgjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. Aukaverkanir: Lóritín þolast almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfði, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

**actavis**  
hagur í heilsu

Hillir í að eigandi íbúðar á þriðju hæð á Klaustri komist inn í hana að nýju:

## Dæmdir til að byggja stigahús

**DÓMSMÁL** Fyrirtækið KBK ehf. hefur verið dæmt til að endurbyggja í upprunalegri mynd stiga og stigahús sem forsvarsmenn þess létu rífa fyrir réttu ári á Kirkjubæjarklaustri. Stigahúsið lá að risibúð á þriðju hæð í húsi sem KBK á að hluta.

Steinn Hlíðar Jónsson, eigandi risibúðarinnar, hefur ekki haft óheftan aðgang að íbúð sinni frá því KBK fjarlægði stigahúsið. Forsvarsmenn fyrirtækisins töldu stigahúsið vera í sinni eign en Steinn sagði eignaskiptasamning sýna hið gagnstæða. Stiginn var eina leiðin til að komast að íbúðinni án þess að fara um húsnæði KBK. Steinn stefndi fyrirtækinu fyrir Héraðsdóm Suðurlands sem hefur tekið undir sjónarmið hans.

Stiginn umdeildi mun enn vera í geymslu á Klaustri. KBK krafðist sýknu í málinu en til vara að fyrirtækið sjálft myndi ekki verða dæmt til að greiða fyrir uppsetningu stigahússins heldur fá sjálft

Dómanir fer á vettvang til að skoða aðstæður og úrskurði eftir horfð stigahús:

### Ákært í stigamáli á Klaustri



**FRÉTTABLAÐIÐ** Áður hefur verið sagt frá stigahúsinu umdeilda á Kirkjubæjarklaustri í Fréttablaðinu.

að koma stiganum fyrir að nýju og endurgera stigahúsið. Það varð og niðurstaða héraðsdóms sem gefið hefur KBK frest til 1. ágúst til að færa málin í fyrra horf. Auk þess skal fyrirtækið greiða 180 þúsund krónur í bætur vegna tapaðra leigutekna af íbúðinni sumarið 2008 og 490 þúsund króna málskostnað. - gar

## Vilja skattleggja lífeyri við innngreiðslur

Sjálfstæðismenn hafa lagt til aðgerðir vegna kreppunnar. Þeir vilja breyta skatttekju af lífeyrisgreiðslum og skilja nýjar fjárfestingar frá þeim eldri þegar kemur að gjaldeyrishöftum. Höfuðatriði að gera hlutina í réttari röð, segir formaðurinn.

**EFNAHAGSMÁL** Sjálfstæðismenn vilja breyta lögum um skattlagningu lífeyrisgreiðslna, þannig að innngreiðslur í lífeyrissjóði verði skattlagðar í stað útgreiðslna. Með þessu telja þeir að tekjur ríkisins geti aukist um allt að 40 milljarða árléga, án þess að það bitni á ráðstöfunartekjum heimilanna.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í þingsályktunartillögu sem þingmenn flokksins hafa lagt fram um nauðsynlegar aðgerðir vegna efnahagsástandans.

„Þarna er um mál að ræða sem ekki getur orðið að veruleika nema um það takist viðtæk sátt,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður flokksins. Hugmyndin sé sú að setja á fót nýtt lífeyriskerfi samhliða hinu gamla, og innngreiðslur í því kerfi yrðu þegar skattlagðar.


Bjarni segir að vissulega myndu slíkar aðgerðir bitna á einhverju. „Það dregur úr þjóðhagslegum sparnaði við þetta en við teljum einfaldlega að viðfangsefnið sem við erum að fást við séu svo stór að ávinningurinn af því réttlæti það, ef það dregur úr þörfinni á nýjum álögum og niðurskurði.“

Meðal annarra tillagna er að skilið verði á milli eldri og nýrri fjárfestinga þar til gjaldeyrishöft verða afnumin til að laða erlenda fjárfesta til landsins. Mark Flanagan, formaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefur víðrað þessa hugmynd opinberlega, en Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra tekið henni fállega.

„Þetta er bara eitthvað sem þarf að gera,“ segir Bjarni. Á meðan höftin séu í gildi í núverandi mynd komi ekkert nýtt fjármagn

### NOKKUR ATRIÐI ÚR TILLÖGUNUM

- Kannað verði að skattleggja innngreiðslur í lífeyrissjóði í stað útgreiðslna.
- Heimilum verði gert kleift að helminga greiðslubyrði af verðtrygðum húsnæðislánunum í þrjú ár.
- Sett verði á fót nefnd sem kannar möguleika á afskriftum lána.
- Gerður verði skiptasamningur á milli gömlu og nýju bankanna sem tryggir að öll áhætta af eignamati og gengis- og vaxtamun lenti á gömlu bönkunum en ekki þeim nýju. Kaupþing og Glitnir/Íslandsbanki verði afhentir kröfuhöfðum.
- Stefnt verði að sölu bankanna aftur til einkaaðila með dreifðri eignaraðild eftir stífar reglubreytingar.
- Gjalddeyrishöft verði afnumin eins fljótt og auðið er en þangað til verði skilið á milli nýrri og eldri fjárfestinga þannig að höftin biti aðeins á þær eldri. Þannig yrðu erlendir fjárfestar laðaðir til landsins.



BJARNI BENEDIKTSSON

til landsins. Tilgangur haftanna sé hins vegar ekki að loka á fjárfestingar heldur að hindra fjármagnsflutninga úr landi.

Sjálfstæðismenn vilja einnig að gerðir verði skiptasamningar á milli gömlu og nýju bankanna sem ættu að tryggja að öll áhætta af eignamati og gengis- og vaxtamun myndi lenda á gömlu bönkunum en ekki þeim nýju.

Þá er lagt til að heimilum verði gert kleift að lækka greiðslubyrði af húsnæðislánunum um 50 prósent

næstu þrjú ár, og enn fremur að sett verði á fót nefnd sem kanna á möguleika á afskriftum lána að uppfylltum skilyrðum.

Höfuðatriði er þó að ráðist verði í aðferðirnar í réttari röð, segir Bjarni. Fyrst þurfi að útbúa áætlun um ríkisfjármálin og síðan endurreisa bankana. „Þegar þetta er komið erum við í stakki búin til að koma til móts við heimilinn, leysa vanda atvinnustarfsmennar og knýja áfram hagkerfið,“ segir Bjarni.

stigur@frettabladid.is

410 4000 | landsbankinn.is

176 / SEYÐISFJÖRÐUR

Dagný á sex börn. Þau eru stærsta áhugamálið. Hún og 3 aðrir taka vel á móti þér á Seyðisfirði.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu á Hafnargötu 2, Seyðisfirði eða hringdu í okkur í síma 410 4000.






**T690** 5 MISMUNANDI ÚTLIT

**TONA**<sup>®</sup>  
LIVE CONCEPT

til  
afgreiðslu  
af lager

Bath Life



**T-1000** 2 MISMUNANDI ÚTLIT



**T-580** 5 MISMUNANDI ÚTLIT



**T-1000** 2 MISMUNANDI ÚTLIT



ALLAR **TONA**  
INNRETTINGAR  
AFHENTAR SAMSETTAR



**T-920** 2 MISMUNANDI ÚTLIT

kynntu þér úrvalið á  
**www.i-t.is**

**T-730**  
5 MISMUNANDI ÚTLIT

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**  
- fyrir þitt heimili



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

### Námsbraut á meistarastigi

- Fjölskyldumeðferð

### Námsbrautir á grunnstigi

- Leiðsögunám á háskólastigi - einnig í boði í fjarnámi
- Rekstrar- og viðskiptanám - einnig í boði í fjarnámi
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun

**Vegna bilunar í vefvistunarkerfi dagana 2. til 5. júní komust umsóknir því miður ekki til skila.**

**Allir sem sóttu um nám hjá okkur þessa daga eru því vinsamlegast beðnir að hafa samband í síma 525 4444.**



Námsráðgjöf og upplýsingar :

sími 525 4444  
endurmenntun.is

Íslenska orkufélagið og Keilir undirrita þróunar- og rannsóknarsamning:

## Rannsaka vinddælingu

**ORKUMÁL** „Ég lít á það sem gríðarlega viðurkenningu að Landsvirkjun og háskólasamfélagið viðurkenni ágæti þessarar aðferðafræði,“ segir Axel Pétur Axelsson hjá Íslenska orkufélaginu. Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og Íslenska orkufélagið hafa undirritað þróunar- og rannsóknarsamning vegna búnaðar og aðferðafræði til vinddælingar. Landsvirkjun hefur lýst yfir velvilja til verkefnisins og áframhaldandi samstarfs.

Markmiðið með vinddælingu er að hækka lágmarks vatnshæð uppistöðulóna fallvatnsvirkjana og auka heildarnýtingu. Með vinddælingu



**VINDDÆLING** Markmiðið er að hækka lágmarks vatnshæð uppistöðulóna fallvatnsvirkjana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

mun verða einnig mögulegt að búa til ný uppistöðulón og opnast með því fleiri virkjunarmöguleikar.

Axel hóf að velta þessum málum

markvisst fyrir sér árið 2007. „Ég rannsakaði lónin hjá Landsvirkjun og komst að því að vorin eru mjög krítískur tími, þegar lónin lækka og þeir geta ekki tryggt orku nema á lægri mörkum. Á sama tíma er vindurinn hvað mestur, og ég hafði því samband og spurði hvort þeir hefðu áhuga á að hækka þetta lágmark með vinddælingu. Í ljós kom að Landsvirkjun hafði kannað hvort hægt væri að nota rafmagn til að dæla, en kveiktu strax á hugmyndinni um vinddælingu og sögðust rannsaka hana betur,“ segir Axel.

Aðferðafræðin verður þróuð nánar í kjölfar rannsóknarsamningsins við Keili.

- kg

## Yfirvöld hundsuðu fjölda vísbendinga

Hægt hefði verið að finna Elisabeth Fritzl, sem var haldið fanginni í Austurríki í 24 ár, mun fyrr. Yfirvöld gerðu síendurtekin mistök og yfirsást fjöldi vísbendinga á löngu tímabili. Þetta eru niðurstöður nýrrar bókar um málið.

**AUSTURRÍKI** Elisabeth Fritzl, sem haldið var fanginni af föður sínum í 24 ár, hefði getað fundist mun fyrr ef austurrískum yfirvöldum hefði ekki yfirsést fjöldi vísbendinga. Þetta eru niðurstöður blaðakonunnar Stefanie Marsh, sem hefur rannsakað málið og skrifað um það bók.

Elisabeth hvarf á ágústdegi árið 1984. Þegar móðir hennar og systur komu heim um miðjan dag var hún horfin. Josef faðir hennar hafði verið heima og tilkynnti lögreglu um hvarfið.



JOSEF FRITZL

Hann sagði dóttur sína líklega hafa gengið í sértrúarsöfnuð, en veitti engar sannanir fyrir því. Nánast engir slíkir söfnuðir fyrirfinnast í Austurríki en lögregla

trúði þó sögu Josefs. Þá höfðu félagsráðgjafar vitneskju um að Elisabeth hefði strokið að heiman tveimur árum áður en hún hvarf. Þegar hún kom til baka var hins vegar aldrei rætt við hana um ástæður þess.

Mánuði eftir að Elisabeth var lokað inni neyddi Josef hana til að skrifa bréf sem hann svo sendi til sjálfs sín og sýndi lögreglunni. Bréfið var aldrei rannsakað, frekar en hin bréfin sem hún sendi næstu árin, þrátt fyrir að eitt þeirra hafi verið póstlagt í nágrenni við bæinn sem fjölskyldan bjó í.

Nú árum eftir að Elisabeth hvarf var barn hennar skilið eftir



**FRITZL-HÚSIÐ** Hús fjölskyldunnar í Amstetten, þar sem Josef Fritzl hélt dóttur sinni fanginni í 24 ár og átti með henni sjö börn.

NORDICPHOTOS/AFP

fyrir utan hús foreldra hennar ásamt bréfi. Þó ákvað lögreglan að leita hennar ekki. Rúmu ári síðar birtist annað barn og Rosemarie, móðir Elisabeth, fann það. Hún sagði félagsráðgjöfum þá frá því að stuttu síðar hefði síminn á heimilinu hringt. Elisabeth var í símanum og baðst afsökunar á að hafa skilið barnið eftir. Rosemarie heyrði að um upptöku var að ræða og skelti á. Þegar síminn svo hringdi aftur spiluðust skilaboðin á ný. Að auki sagði Rosemarie frá því að þau hjónin hefðu nýlega skipt um símanúmer, en enginn vissi enn um nýja númerið. Enn sáu yfirvöld ekki ástæðu

til rannsókna. Eftir því sem tíminn leið eyddi Josef sífellt meiri tíma í kjallaranum. Nágrannar sáu hann fara með matvörur, raftæki og húsgögn niður í kjallaranum. Að auki var það vel þekkt í hverfinu að hann hefði verið sakfelldur fyrir nauðgun.

Það var ekki fyrr en á síðasta ári, þegar elsta dóttir Elisabeth og Josefs varð lífshættulega veik og flutt á spítala, að þar vöknud grunsemdir lækna um að ekki væri allt með felldu. Ef það hefði ekki gerst væri allt eins líklegt að málið væri ekki enn komið upp á yfirborðið.

thorunn@frettabladid.is

Auglýsingakostnaður ÁTVR nam um 20 milljónum á árinu 2008:

## Bíddu kostar um 10 milljónir

**MENNING** Auglýsingaherferðir ÁTVR (Vínúðarinnar) kostuðu rúmlega 20 milljónir á árinu 2008. Í ár er gert ráð fyrir 14-15 milljónum í auglýsingaherferðir. Áætlað er að Bíddu-herferðin, þar sem drengur er beðinn um að bíða með að kaupa áfengi þar til hann verður tvítugur, kosti um 10 milljónir.

„Hún er tiltöluleg einföld í framleiðslu en birtingarnar eru dýrar. Við erum högvær í þessum herferðum. Höfum verið í herferðum með Umferðarstofu og þá erum við að nýta auglýsingarnar í 2-3 ár,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

Í heildarstefnu fyrirtækisins kemur meðal annars fram að fyrirtækið hafi hagkvæmni að leiðarljósi. Einnig að fyrirtækið stuðli að ábyrgri neyslu.

„Það skýtur mjög skökku við að ÁTVR eyði peningum í auglýs-


ingar,“ segir Birgir Ármannsson alþingismaður. Ástæðuna segir hann að fyrirtæki sem eigi að



BIRGIR  
ÁRMANNSSON

gegna forvarnarhlutverki sé einnig að huga að viðskiptasjónarmiðum í hinum daglega rekstri. „ÁTVR hefur þá sérstöðu á markaði að vera einokunarverslun og þarf ekki að stunda neina auglýsingastarfsemi að neinu marki nema kannski ef breytingar eru að verða á afgreiðslutíma. Varðandi forvarnarstarfsemi er ég þeirrar skoðunar að hún eigi frekar að heyra undir Lýðheilsustöð en einokunarverslunina,“ segir Birgir.

- vsp



**BÍDDU** Auglýsingin kostar um 10 milljónir. Framleiðslan er ódýr en dýrastur er birtingarkostnaður.



# SVEFNSÓFAR

## ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófásýningarsal landsins. Allt frá einföldustu og ódýrustu svefnsófum upp í hágæða svefnsófa sem veita þér og þínum endurnærandi svefn.

ARGH 080608-1

**T160**

Svefnsófi




**COMODO**

Svefnsófi



**CLOVE**

Svefnsófi



**OZI**

Gestarúm



**SKOÐAÐU  
ÚRVALIÐ!**

**COUPLE**

Svefnsófi



1

2

3

**rekkjan**

Umræðan þokast hægt til þroska.

Tragikómískar u-beygjur

JÓN KALDAL SKRIFAR

Umræðan á Alþingi um Icesave-samninginn hefur verið lærdómsríkt hraðnámskeið fyrir fólkið í landinu...

Það er engu líkara en sumir á þinginu átti sig ekki á því að hér eru fjölmörg mál á heljarþróm.

Það er óskandi að sem flestir nýir þingmenn hafi sjálfstraust til að setja sinn eigin svip á starfið, í stað þess að hegða sér eins og þeir halda að stjórnálagmenn eigi að koma fram.

Það var kallað eftir endurnýjun fyrir kosningar. Hún fékkst þegar fjölmargir nýliðar settust á Alþingi.

Síðari hluti Icesave-samninga hraðnámskeiðisins bregður svo óvenju góðu ljósi á hvernig það fer með stjórnálagmenn að vera annars vegar innan stjórnar og hins vegar í stjórnarandstöðu.

Sá stutti tími sem leið milli þess að Sjálfstæðisflokkur og VG höfðu sætaskipti í ríkisstjórn, sem glímur við nákvæmlega sömu lykilmál, dregur upp óvenju skarpa og skýra mynd af hugarheimi stjórnálagmanns við breyttar aðstæður.

Aðalleikararnir eru tveir. Báðir formenn í sínum flokkum. Fyrir fáeinum mánuðum mátti stjórnarandstöðubingmaðurinn Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, ekki heyrja á það minnst að gengið yrði til samninga við Breta og Hollendinga um ábyrgð ríkisins á Icesave-reikningunum.

Við þetta tækifæri ákvað stjórnarandstöðubingmaðurinn Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, að lýsa yfir miklum efasemdum um að rétt væri staðið að verki við samningana um Icesave.

Þessi litla svipmynd af u-beygjum Steingríms og Bjarna væri auðvitað drepfyndin ef hún væri ekki svona dapurleg.

Steingrímur hefur að minnsta kosti sér til málsbóta að hann játaði sig sigraðan fyrir staðreyndum málsins þótt það hafi kostað niðurlægjandi flótta frá fyrri orðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is



Lentu í að ofrukka

Stóru olíufélögin Þrjú, N1, Skeljungur og Olis, lentu öll í þeim leiðu mistökum á dögnum að ofrukka neytendur í eina og hálfu viku og í leiðinni raka inn stórfé, sem nú stendur ýmist til að endurgreiða eða gefa til góðgerðarmála.

Betra að flýta sér hægt

Þarna hefðu olíufélögin betur beðið aðeins



Röng greining?

DV greindi frá því í gær að Jónas Fr. Jónsson, fyrirverandi



forstjóri Fjármálaeftirlitsins, hafi kvartað til Páls Hreinssonar, formanns rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið, vegna ummæla sem annar nefndarmaður, Sigríður Benediktsdóttir, lét falla í viðtali við stúdentablaði í Yale-háskóla.

Almenn almælt tíðindi eða grundvöllur vanhæfis?

Fyrir nokkru barst rannsóknarnefnd Alþingis umkvörtun frá Jónasi Fr. Jónssyni, fyrirverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, vegna ummæla sem höfð voru eftir Sigríði Benediktsdóttur í skólablaði Yale-háskóla í samræðu við eigin nemanda.



JÓN STEINSSON OG GAUTI B. EGGERTSSON Í DAG | Rannsóknarnefnd Alþingis

Í stuttu máli þykir okkur vandséð hvernig nokkur fræðimaður á sviði bankamála sem hefur tjáð sig um bankakreppur almennt geti starfað í rannsóknarnefnd Alþingis ef túlkun á hæfnisreglu stjórnálaganna er svo þröng að umrædd ummæli geri Sigríði vanhæfa.

Við erum ekki sérfræðingar í hæfnisreglum íslenskra stjórnálaganna. Á hinn bóginn erum við báðir starfandi hagfræðingar í Bandaríkjunum og sérfræðingar í peningahagfræði og bankamálum, líkt og Sigríður, og teljum okkar því í aðstöðu til að leggja faglegt mat á hvort umrædd ummæli séu til þess fallin að draga óhlutdrægni hennar í efa.

Tvö skilyrði

Til þess að falla undir þetta ákvæði sýnist okkur ummæli Sigríðar þurfa að uppfylla að minnsta kosti tvö skilyrði. (i) Að þau beinist gegn ákveðnum stofnunum og/eða einstaklingum sem nefndin á að leiða í ljós hvort hafi gerst sek um mistök.

Ummæli Sigríðar benda ekki á neinn sérstakan aðila sem ábyrgur og því vandséð hvernig hægt er að túlka þau sem svo að niðurstaða nefndarinnar sé fyrirfram gefin.

og áhrif alþjóðlegra reglna á bankastarfsemi á Ísland, t.d. starfsemi Alþjóðagreiðslubankans eða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. (ii) Þau geta vísað til umgjörðar EES-samningsins en hann er afar ófullkominn þegar kemur að lögum um starfsemi fjármálastofnana. (Það átti þátt í því að orsaka deilu okkar við Breta sem aftur olli beitingu hryðjuverkalaga gegn Landsbankanum sem sumir vilja meina að hafi valdið falli Kaupþings.) (iii) Þau geta vísað til umgjörðar eftirlits- og fjármálastarfsemi á Íslandi burt séð frá umheiminum. (iv) Þau geta vísað til laga sem samþykkt hafa verið á Alþingi. (v) Þau geta vísað til þess hvernig Fjármálaeftirlitið, fjármálaráðuneytið, viðskiptaráðuneytið og Seðlabanki Íslands framfylgdu sett-

við að ef allir bankar tiltekins lands verða gjaldþrota á sama tíma bendi það til óvenju mikillar áhættusæknir (græðgi). Það blasir einnig við að ef gjaldþrotið veldur öngþveiti og efnahagslegu hruni hefur umgjörð fjármála ekki verið nægjanlega góð.

Fjórða stærsta gjaldþrot í hagsögu heimsins

Íslenska efnahagshrunið er af sumum talið fjórða stærsta gjaldþrot í hagsögu heimsins, á eftir gjaldþroti Lehman Brothers, ENRON og WorldCom. Okkur sýnist eina skoðunin sem Sigríður lýsir með þessum ummælum vera sú að hrun fjármálakerfis heillar þjóðar bendi til þess að umgjörð fjármála hafi ekki verið nægjanlega góð.

Sigríður Benediktsdóttir er einstaklega vel til þess fallin að rannsaka hrun fjármálakerfisins. Hún er kennari við eina virtustu hagfræðideild heims og fyrirverandi starfsmaður Seðlabanka Bandaríkjana. Hún er einn fremsti hagfræðingur okkar Íslendinga og hefur sér-

Í stuttu máli þykir okkur vandséð hvernig nokkur fræðimaður á sviði bankamála sem hefur tjáð sig um bankakreppur almennt geti starfað í rannsóknarnefnd Alþingis ef túlkun á hæfnisreglu stjórnálaganna er svo þröng að umrædd ummæli geri Sigríði vanhæfa.

um lögum. (vi) Þau geta vísað til starfsemi Evrópska Seðlabankans þar sem íslenskir viðskiptabankar áttu í miklum veðlánaviðskiptum, til sænska seðlabankans er veitti Kaupþingi þrautarvaralán, eða jafnvel til bandaríska seðlabankans sem hafnaði beiðni Seðlabanka Íslands um svöklluð „swap“-lán (á sama tíma og hann veitti öðrum seðlabönkum á Norðurlöndum slíkt lán) og dró þannig að sumra mati úr trúverðuleika íslensks efnahagslífs. Það þarf vart að taka fram að þessi listi er ekki tæmandi, okkur sýnist ummælin svo almenns eðlis að þau geta átt við ótal aðila eða stofnanir.

Par að auki lýsa ummæli Sigríðar eingöngu almennu viðhorfi sem flestir hagfræðingar um allan heim deila ekki aðeins hvað varðar íslensku fjármálakreppuna, heldur bankakreppur í heiminum almennt (bæði nú og þær sem á undan hafa gengið). Okkur sýnist það blasa

þekkingu á nákvæmlega þeim atriðum sem starf nefndarinnar snýr að mestu að. Hún er eini nefndarmaðurinn sem nýtur alþjóðlegar viðurkenningar sem fræðimaður á sviði bankamála. Aðrir nefndarmenn eru íslenskir lögfræðingar sem þiggja laun sín frá hinu opinbera og hafa ekki sérþekkingu á efnahagsmálum.

Hæfileikarík kona

Við Íslendingar erum fámenn þjóð. Það verður að teljast óvenjulegur happafengur að hafa fundið jafn hæfileikaríka konu í þetta starf. Ef Sigríði væri þrýst út úr nefndinni myndi það skaða starf nefndarinnar verulega. Það er einnig áleitinn spurning hvaða áhrif það hefði á starfsmenn rannsóknarnefndarinnar og trúverðuleika hennar almennt ef einstakir yfirmenn væru reknir af jafn litlu tilefni eftir umkvartanir þeirra sem verið er að rannsaka.

Höfundar eru hagfræðingar.



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Græna prentsmiðjan  
 GUDJÓNÓ  
 VISTVÆN PRENTSMÍÐJA  
 Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 10. júní 2009 - 23. tölublað - 5. árgangur

Veffang: visir.is - Sími: 512 5000

**Gylfi Zoëga**  
 Áætlun AGS leið til batans



**Skýrsla Viðskiptaráðs**  
 Hlúa þarf að litlum og meðalstórum fyrirtækjum



**Guðmundur Arnar Guðmundsson**  
 Fyrirtæki og langtímastefnur



## Uggandi yfir vaxtadegi

Krónan féll um 2,5 prósent þegar verst lét fyrir hádegi í gær og fór gengisvísitalan hæst í tæp 234 stig. Veikingin nam 0,93 prósentum þegar yfir lauk og endaði hún í 232,5 stigum í lok dags, samkvæmt upplýsingum frá gjaldeyrisborði Íslandsbanka.

Væntanlegur vaxtagjalddagi á ríkisbréfum upp á 70 milljarða króna að nafnvirði á föstudag vegur þyngst í falli krónunnar síðustu daga. Reiknað er með um sex milljarða króna ústreymi úr hirslum Seðlabankans í kjölfarið. Erlendir fjárfestar eiga um fimm milljarða og muni á bilinu 2,5 til þrjú milljarða króna fara úr landi.

Áhyggjur af mögulegri veikingu krónunnar vegna gjalddagans eru taldar hafa þrýst á um aukin erlend vörukaup innlendrar birgja. Heimildarmenn Markaðarins segja þó almennt lítil viðskipti með krónur á gjaldeyrismarkaði og því þurfi lítið til að hreyfa við gengi krónunnar. Flestir búast við veikingu hennar næstu daga.

- jab

## Færeyingar framlengja lán

Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum hefur framlengt brúarlán sem var á gjalddaga í lok júlí og desember um eitt ár.

Ekki liggur fyrir um endanlegan gjalddaga á lánunum en það ræðst af því hvort fyrirtækinu takist að endurfjármagna sig þar til gjalddaginn rennur upp eða gefa út nýtt hlutafé.

Haft er eftir Wilhelm Petersen, forstjóra félagsins, í tilkynningu að hann sé ánægður með áfangann enda geri hann fyrirtækinu kleift að halda áfram leit sinni að olíu- og jarðgasi.

- jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Mikið atvinnuleysi** | Atvinnuleysi mældist 9,4 prósent í Bandaríkjunum í síðasta mánuði og hefur það ekki verið meira í rúm 25 ár. Bandarískir fjölmiðlar segja sérfræðinga nokkuð samála um að atvinnuleysi hafi náð hámarki vestanhafs. Til samanburðar mældist atvinnuleysi hér 9,1 prósent í apríl.



**Botninum náð** | Vísbendingar eru um að draga sé úr samdrætti í hagkerfum heimsins, samkvæmt nýjustu hagvísunum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í apríl. Viðsnúnings gætir í stærstu hagkerfum, svo sem í Kína og Indlandi auk jákvæðari vísbendinga nú en í mars á evrusvæðinu.

**Oliuverðið hækkar** | Heimsmarkaðsverð á hráolíu hefur hækkað nokkuð jafnt síðasta mánuðinn, fór yfir sjötíu dali á tunnuna í síðustu viku. Þá hafði olíudropinn ekki verið dýrari síðan í fyrrahaust. Bandaríska dagblaðið New York Times hefur eftir hagfræðingum, að verðhækkunin kunni að draga úr bata efnahagslífsins.

**Forstjórinn kærður** | Bandaríska fjármálaeftirlitið hefur ákært Angelo Mozilo, fyrrverandi forstjóra bandaríska fasteignasjóðsins Countrywide Financial, fyrir grun um brot, svo sem innherjasvik. Countrywide var umsvifamesti íbúðalánveitandi vestanhafs þar til það fór á hliðina haustið 2007.

# Metávöxtun var á Tryggingarsjóðnum

Fjárvörslusöfn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda uxu um 51,3 prósent í fyrra. MP Banki stýrir helmingi safnsins.

Óli Kristján Ármannsson  
 skrifar

„Svona safn á náttúrulega ekki að geta vaxið svona mikið á einu ári og gerir það sjálfsagt aldrei aftur,“ segir Marteinn Breki Helgason, forstöðumaður eignastýringar MP Banka. Hann vísar þar til ársávöxtunar fjárvörslusafna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda sem uxu um 51,3 prósent á árinu. Eignir sjóðsins eru að mestu erlendar og skýrir því fall krónunnar breytinguna að stærstum hluta.

Í frammistöðugreiningu Aska Capital á ávöxtun í fjárvörslu fyrir Tryggingarsjóðinn og kynnt var um leið og ársreikningur sjóðsins á föstudag kemur fram að gengisvísitala krónunnar hækkaði um 80,3 prósent í fyrra. Í ársreikningi sjóðsins sem lagður var fram fyrir helgi kemur fram að eignir hans hafi farið úr 8,4 milljörðum króna í árslok 2007 í 16,5 milljarða í lok síðasta árs.

Ávöxtun eignasafna Tryggingarsjóðsins er tvískipt, annars vegar á hendi MP Banka og svo Nýja Kaupþings. Þannig hefur hún verið frá ársbyrjun 2007 þegar MP Banki tók við ávöxtun helmingis eignanna frá Landsbankanum eftir að sjóðurinn hafði óskað eftir tilboðum í verkið. Töluverður munur er á árangri Nýja Kaupþings og MP Banka í eignastýringu fyrir sjóðinn. Sá síðarnefndi er með 8,4 prósentu umframávöxtun á árinu og heildarávöxtun upp á 61,8 prósent. Kaupþing er með neikvæða umframávöxtun um 12,9 prósent og 40,5 prósent ávöxtun síns hluta.

Marteinn segir að eignastýring MP hafi í fyrra brugðist við váboðum og í raun forðast íslenskar eignir, enda hafi legið fyrir að krónan ætti eftir að veikjast og því hagstætt að vera ekki með allar sínar eignir hér. Hann árettar hins vegar að mjög stífar reglur gildi um ávöxtun eigna Tryggingarsjóðsins og miklar kvaðir sem þurfi að uppfylla. Þannig heimilar fjárfestingarstefnan hvorki kaup á innlendum hlutabréfum né skuldabréfum fyrirtækja. Innlend ríkisskuldabréf skulu vera 30 til 75 prósent af eignum sjóðsins, erlend ríkisskuldabréf 15 til 55 prósent og erlend hlutabréf núll til 15 pró-

FRAMMISTÖÐUGREINING ASKA CAPITAL		
<b>KAUPPING</b>		
Eignir	Ávöxtun 2008	Viðmið
Innlend skuldabréf	24,6%	+7,4%
Erlend skuldabréf	68,1%	-39,7%
Erlend hlutabréf	2,1%	-14,2%
<b>MP BANKI</b>		
Eignir	Ávöxtun 2008	Viðmið
Innlend skuldabréf	24,6%	+7,4%
Erlend skuldabréf	149,6%	+41,7%
Erlend hlutabréf	6,4%	-9,9%

sent. Þá verður vægi ríkisskuldabréfa að vera að minnsta kosti 70 prósent af heildarsafninu. „Við nýttum í rétta átt það svigrúm sem þessi stranga stefna gaf,“ segir Marteinn og kveður MP hafa vilja nýta eins og kostur var heimild til að fjárfesta í erlendum ríkisskuldabréfum. „Annað sem við gerðum var að hafa hlutabréfaeign í algjöru lágmarki og vorum á sama tíma yfirvaktuð í verðtrygðum innlendum ríkisskuldabréfum og líka í erlendum ríkisskuldabréfum,“ segir hann.

Vignir Jónsson, hagfræðingur hjá Aska Capital, segir að þótt nokkru hafi munað á ávöxtun Nýja Kaupþings og MP Banka fyrir Tryggingarsjóðinn í fyrra sé varhugavert að draga of miklar ályktanir af því. „Horfa þarf á lengra tímabil en eitt ár til að bera slíkt saman,“ segir hann, án þess að vilja draga úr því að ávöxtun hafi verið býsna góð hjá Tryggingarsjóðnum í fyrra. „Og má í raun segja að fjárfestingarstefna sjóðsins hafi sannað gildi sitt í fyrra. Þar miðar allt við að sjóðurinn fari í mjög varkárar eignir.“

Eftir samruna við Ráðgjöf og efnahagsspár tóku Aska við því verkefni að vinna með Tryggingarsjóðnum í að móta fjárfestingarstefnu og hafa eftirlit með þeim sem stýra eignum fyrir sjóðinn. „Svo höfum við líka metið tilboð í eignastýringu og slíkt,“ bætir Vignir við.

## OPTICAL STUDIO LEIFSSTÖÐ – EINSTÖK SÉRVERSLUN Á FRÍHAFNARSVÆÐI



Alltaf **25%** ódýrari,  
 gleraugu, linsur, sólgleraugu

Optical Studio  
 FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUADILAR: OPTICAL STUDIO SMÁRALIND, OPTICAL STUDIO KEFLAVÍK

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	0,0%	0,0%
Bakkavör	0,0%	-54,6%
Eimskipafélagið	0,0%	-20,0%
Föroya Bank	2,9%	1,2%
Icelandair	0,0%	-65,4%
Marel	-13,5%	-29,9%
Össur	0,9%	7,8%

Úrvælsvísitalan OMXI15 269  
Úrvælsvísitalan OMXI6 732

\*Miðað við gengi í Kauphöll í gær.

## Enginn með heimild til krónulána

„Við munum afgreiða heimildirnar eftir því sem ítarlegri gögn skila sér,“ segir Tómas Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri peningamálasviðs Seðlabankans.

Seðlabankinn auglýsti snemma í maí eftir því að fyrirtæki láti vita af áhuga sínum vilji þau taka erlend lán í krónum en endurgreiða í erlendum gjaldeyri til sjö ára. Eitt skilyrði Seðlabankans fyrir heimild til lántökunnar, sem yrði í formi skuldabréfaútbods, var að fyrirtækið hafi fyrirsjáanlegar tekjur í erlendum gjaldeyri sem nægi til að standa skil á greiðslu lánsins.

Bréf þessa efnis átti að senda til bankans fyrir 11. maí síðastliðinn.

Að sögn Tómasar bárust Seðlabankanum 54 umsóknir um krónulán sem þessi frá íslenskum fyrirtækjum. Seðlabankinn óskaði eftir ítarlegri upplýsingum frá fyrirtækjunum vegna málsins og sendi forsvarsmönnum þeirra bréf þessa efnis fyrir hálfum mánuði.

Ekkert fyrirtæki hefur sent Seðlabankanum ítarlegri upplýsingar og því enginn kominn með heimild til lántökunnar, að sögn Tómasar.



SEÐLABANKINN Ekkert fyrirtæki er enn komið með heimild til að taka erlend lán í íslenskum krónum. MARKAÐURINN/HEIÐA

## Færri taka íbúðalán

Heildarútlán íbúðalánasjóðs námu rúmum 2,5 milljörðum króna í maí, samkvæmt yfirliti sjóðsins. Þetta er ellefu prósent samdráttur á milli mánaða.

Þar af voru rúm 1,8 milljarðar króna vegna almennra lána og rúmar 700 milljónir vegna leiguíbúðalána. Vanskil íbúðalána námu 800 milljónum króna.

Heildarútlán á fyrstu fimm mánuðum ársins námu tæpum 14,8 milljörðum króna, sem er um 26 prósent samdráttur á milli ára, samkvæmt upplýsingum sjóðsins.

## Áreiðanleikamat á virði eigna stendur yfir

Fyrstu samningafundur vegna uppskipta bankanna fóru fram í síðustu viku. Nú er farið yfir gögn.

Yfir stendur áreiðanleikamat þar sem ráðgjafar og kröfuhafar gömlu bankanna hafa aðgang að verðmati eigna og viðskiptaáætlunum bankanna, samkvæmt tilkynningu fjármálaráðuneytisins. Í síðustu viku fóru fram fyrstu samningafundur milli fjármálaráðuneytis fyrir hönd nýju bankanna og skilanevnda gömlu bankanna.

„Á þessum samningafundum voru lagðar fram fjárhagslegar upplýsingar nýju bankanna, þar með taldar tillögur um jöfnun-

argreiðslur milli nýju og gömlu bankanna vegna yfirtekinna eigna og skulda, fjármögnun frá ríkinu og skoðun á verðmati eigna bankanna framkvæmdu af Deloitte,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins. Áréttað er mikilvægi þess að gætt verði fyllstu sanngirni í samningaviðræðum við skilanevndir bankanna. „Markmiðið er að ná samkomulagi um jöfnunargreiðslur milli nýju og gömlu bankanna og endurfjármagna nýju bankana á tillöglega stuttum tíma.“ - óká

## Lettar sveigja frá hrúni

Líkur eru á að ríkisstjórn Lettlands takist að forðast 30 til 50 prósent gengishrun latsins, gjaldmiðils Letta, með tíu prósent niðurskurði í ríkisútgjöldum næstu tvö ár. Þetta segir Beat Sighthaler, sérfræðingur nýmarkaða hjá TD Securities í London.

Beat bætir við að Evrópusambandið hafi í fyrstu verið andsnúið tillögum stjórnvalda og legið hafi í loftinu að latið yrði jafnvel af tengt evrunni. ESB er nú sagt líklegra til að styðja aðgerðirnar og ekki útilokað að Lettar leiti ásjár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í kjölfarið. Sighthaler mælir með að fjárfestar sem hafi veðjað á frekari veikingu latsins losi um stöður sínar.



Í HÁDEGINU Í GÆR Gylfi Zoëga prófessor segir umræðu síðustu daga illu heilli hafa snúist um skyndilausnir og skammvinnan ábata í efnahagsmálum fremur en hluti sem skipta máli. Hugmyndir um að festa gengi krónunnar segir hann „bara rugl“ enda eymdin ein sem við tæki eftir að gjaldeyrisforða landsins hefði verið eytt í það. MARKAÐURINN/VILHELM

## Áætlun AGS er leiðin til batans

Gylfi Zoëga furðar sig á yfirlýsingum um stýrivexti. Þeir hafi helst áhrif þegar bankakerfið hafi verið reist við.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

„Kostnaður af peningastefnu Seðlabankans er gríðarlegur,“ segir Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði og nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands. Hann flutti erindi undir yfirskriftinni „Hvað er Seðlabankinn að hugsa?“ í þéttskipuðum fyrirlestrarsal á háskólatorgi Háskóla Íslands í hádeginu í gær.

Þar kom fram í máli Gylfa að ef reiknað væri með 10 prósent meðalvöxtum á peningaeign útlendinga í landinu þá þýddi það árlegan vaxtakostnað upp á 60 milljarða króna. Slíkt ústreymi fjármagns væri til þess fallið að veikja gengi krónunnar. Til samanturðar benti hann á að verðmæti óunnins sjávarafna næmi 99 milljörðum króna. Gylfi segir því um „dýrasta slugs Íslands-sögunnar“ að ræða ef dregnar eru lappirnar í endurskipulagningu bankakerfisins og öðrum verkum sem klára þurfi til þess að aðstæður skapist fyrir frekari vaxtalækkun.

Gylfi segir miklu skipta að byggja upp traust á ný á íslenskri efnahagsstjórn, en það verði ekki gert nema með því að sýna umheiminum með gjörðum okkar að hér verði gripið til þeirra sársaukafullu aðhaldsaðgerða sem þörf er á til að treysta stöðir hagkerfisins. Hann blæs á gagnrýni í þá veru að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) ráði hér för og Seðlabankinn hafi „hlýtt“ sjóðnum í síðustu ákvörðun. „Allt er þetta fullorðið fólk,“ segir Gylfi

og bendir á að samið hafi verið við AGS um aðgerðaáætlun þar sem fyrir liggja ákveðin markmið og aðgerðir. „Samkomulagið snýst um að grípa til nauðsynlegra aðgerða,“ segir hann. Vissulega sé hægt að slíta samningnum, en þá verði að liggja fyrir einhver trúverðug áætlun önnur um hvernig landið ætlað vinna sig út úr hruninu. „Við veljum hins vegar að fylgja honum vegna þess að þetta er skynsamleg stefna og ekki verið að neyða okkur til neins.“

Gylfi fór svo yfir þá þætti tengda stýrivaxtaákvörðunum sem haft geta áhrif á gengi krónunnar og þætti sem setja þýsting á gengi hennar. Vexti hér segir hann hins vegar þurfa að vera hærri en annars staðar gerist, meðal annars vegna áhættu sem fjárfestar tengi við landið og til þess að freista þess að fá þá erlendu fjárfesta sem hér eiga þegar peninga til að festa þá í eignum á borð við skuldabréf ríkisins til 10 eða 15 ára. „Veikur gjaldmiðill kallar á hærri vexti,“ segir hann.

Trúverðug stefna í fjármálum ríkisins segir Gylfi hins vegar lykilkátt í að styrkja gengið, enda verði aukið aðhald bæði til að draga hér úr neyslu (sem spari gjaldeyri) og auka traust á efnahagsstjórninni.

Upphlaup yfir lágri lækkun stýrivaxta Seðlabankans í byrjun þessa mánaðar segir Gylfi hins vegar vekja furðu, enda sé hér ekki virkur bankamarkaður. „Stýrivextirnir hafa aðallega framtíðaráhrif þegar bankakerfið kemst í lag,“ segir hann.



## Viltu selja í erlendum gjaldmiðli?



## Við bjóðum veflausnir og posa í erlendum gjaldmiðlum!

Þú getur selt erlendum ferðamönnum vörur og þjónustu í erlendum gjaldmiðlum\* og færð þá gert upp í sama gjaldmiðli.

\*EUR, GBP, USD og DKK

Hafðu samband í síma

525 2080

og kynntu þér málið



VALITOR

-Virkið miðlum verðmæta





REYKJAVÍK VERSLUNAKFERÐ '08



EGILSTADÍK 2007



VESTMANNAEYJAK '08



AKUREYRI SKÍÐAFERÐ 2009

# SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Ljóslifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt.

BÓKAÐU NÚNA Á [WWW.FLUGFELAG.IS](http://WWW.FLUGFELAG.IS)



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Mikilvægast að hlúa að *litlu fyrirtækjunum*

Um helmingur vinnandi fólks á Íslandi starfar hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson sat málþing Viðskiptaráðs en þar voru menn sammála um að þessi fyrirtæki skiptu gríðarlegu máli fyrir heimilin í landinu og verði að styðja þau og styrkja til að keyra upp úr niðursveiflunni.

„Þegar erfiðleikar líkir þeim sem nú steðja að í íslensku efnahagslífi blasa við, þá eykst hvatinn til að stofna ný, lítil fyrirtæki. Það er líklegt að slíkum fyrirtækjum muni fjölga mjög á næstunni,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð gaf í síðustu viku út skýrslu um lítil og meðalstór fyrirtæki og blés til málþings í tilefni af því þar sem málið var rætt í þau.

Hafdís Jónsdóttir, formaður Kvenna í atvinnurekstri og einn eigenda líkamsræktarkeðjunnar World Class, stýrði málþingin. Auk Finns og Eiríks, sem rætt er við hér að neðan, voru á meðal fundargesta þau Bogi Örn Emilsson, framkvæmdastjóri Skjals, og Christina Sommers, formaður Samtaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu (e. European Small Business Alliance), sem sem eru ein stærstu og öflugustu samtök smærri fyrirtækja álfunnar.

Sommers kynnti þá vitundarvakningu sem verið hefur á meginlandi Evrópu upp á síðkastið um mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Viðkvæðið þar síðustu misseri hefur verið að skoða hvaða áhrif löggjöf og ný reglugerðir hefur á lítil og meðalstór fyrirtæki. Reynt sé eftir megni að vernda fyrirtækin og reglum því breytt þeim til handa.

## TÍMAMÓTAVERK

Skýrsla Viðskiptaráðs er tímamótaverk en önnur eins könnun hefur aldrei verið gerð hér á landi. Finnur bendir á að vinnuhópur Viðskiptaráðs hafi byrjað að skoða umfang fyrirtækjanna í íslensku efnahagslífi á vordögum í fyrra. Í hópnum voru fulltrúar fyrirtækjanna.

Verkefnið fór hins vegar á ís þegar



**RÆÐUMENN ÁSAMT GESTUM MÁLÞINGSINS** Skýrsla Viðskiptaráðs er tímamótaverk en önnur eins könnun hefur aldrei verið gerð hér á landi. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að næstu skref verði að skoða betur og nánar rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

MARKAÐURINN/VILHELM

efnahagslífið fór svo að segja á hliðina í fyrrihaust. „En þetta er yfirborðið, fyrstu skrefin,“ segir Finnur. „Tilgangurinn var að skoða umfang reksturs smárra fyrirtækja, hlutverk þeirra til að búa fólki atvinnu og framlag þeirra til efnahagslífsins almennt,“ segir hann og bendir á að kafað verði dýpra í málið á næstunni þar sem fleiri þættir í rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði skoðaðir.

„Rekstrarumhverfi fyrirtækja hér í víðu samhengi er ekki nógu gott, eiginlega afleitt,“ segir Finnur og bætir við að vextir hafi lengi verið of háir og mikill tími stjórnenda fyrirtækja farið í varnarsstöður gegn sveiflum í efnahagslífi-

inu. Smærri fyrirtæki hafa síður tæk á því en þau stærri. Kostirnir hafi á móti verið þeir að skattar á fyrirtæki hafi verið lágir. Blíkur séu hins vegar á lofti nú um stundir.

Í skýrslu Viðskiptaráðs kemur fram að 99 prósent fyrirtækja landsins eru lítil og meðalstór og starfsmannafjöldi þeirra er allt frá einum upp í 249 menn. Fyrirtækin eru 25 til 27 þúsund talsins, samkvæmt útreikningum Viðskiptaráðs, sem byggir á gögnum frá Hagstofunni, Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins og fleiri aðilum. Langflestir, eða á bilinu 22 til 23 þúsund manns, vinna hjá örfyrirtækjum. Það eru fyrirtæki með allt að tíu starfsmenn.

## SKILGREINING FYRIRTÆKJA

Starfsmannafjöldi*	Fyrirtæki
1	Örfyrirtæki
2-9	
10-19	Lítill fyrirtæki
20-49	
50-99	Meðalstór fyrirtæki
100-249	
Fleiri en 249	Stórfyrirtæki

\* Samkvæmt flokkun Hagstofunnar

\*\* Samkvæmt skilgreiningu Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins

## Hagsmunir starfsfólks teknir fram yfir hagsmuni eigenda

Annar stofnenda Kaffitárs segir fyrirtækjum vegna betur þegar stjórnendur geta einbeitt sér að rekstrinum í stað ytri skilyrða.

„Það er mikilvægt fyrir okkur að halda fyrirtækjum gangandi ef rekstrargrundvöllur er fyrir hendi,“ segir Eiríkur Hilmarrson, framkvæmdastjóri Vísindagarða Háskóla Íslands, fyrrverandi aðstoðarhagstofustjóri og einn eigenda Kaffitárs.

Eiríkur hélt erindi um uppbyggingu Kaffitárs á málþingi Viðskiptaráðs en það var í fyrsta sinn í nítján ára sögu fyrirtækisins sem hann gerir slíkt. Það kom til af því einu að eiginkona hans Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs, var á heimleið frá Gvatemala og gat það ekki.

Eiríkur skrifaði nýverið grein um mikilvægi þess að halda lífi í fyrirtækjum í þeim tilgangi einum að vernda störf. Í greininni, sem hann skrifaði í félagi við Gylfa Dalmann, segir að þótt stór hluti starfa sé lagður niður á hverju ári komi ný í þeirra stað án inngrípa stjórnvalda eða sérstakra aðgerða. Á miklum uppgangstímum og í harkalegri niðursveiflu, líkt og nú, verði óvenjumikil endurnýjun á vinnumarkaði. Hins vegar taki mun lengri tíma

að skapa ný störf með stofnun fyrirtækja en að halda fyrirtækjum á lífi og skapa störf innan þeirra. Í mikilli niðursveiflu þegar gjaldþrot fjölda fyrirtækja blasir við skipti máli að halda lífvænlegum fyrirtækjum gangandi til að koma í veg fyrir enn meira atvinnuleysi og enn dýpri niðursveiflu sem getur endað í langvarandi krepnu.

Eiríkur segir að ekki megi ruglað saman sérhagsmunum eigenda fyrirtækjanna, sem hafi tapað áhættufénu sem þeir lögðu til rekstursins, og hagsmunum starfsmanna – jafnvel almennings.

„Almennt séð í atvinnulífinu er rekstrarreikningur fyrirtækja í góðu lagi. Þótt eigendurnir hafi glatað öllu sínu geta fyrirtækin lifað áfram undir nýjum eigendum. Þannig refsar markaðurinn þeim sem taka of mikla áhættu. Áhættan felst hins vegar í því að búa til ný störf frá grunni,“ segir hann og bendir á að þeir Gylfi áætli að á bilinu átján til 27 þúsund störf verði til í meðalári. Jafn mörg glatast á sama tíma. Endurnýjunin sé því mikil.

Áhættan í slíkri endurnýjun er hins vegar sú að laun í nýjum fyrirtækjum eru iðulega lægri en í fyrirtækjum sem enn eru á lífi og því ekki eins verðmæt. Svo kunni að fara að frumkvöðlar, stofnendur fyrirtækjanna, verði að taka á sig kjaraskerðingu, jafnvel vinna launalaust í einhvern tíma til að koma „barni“ sínu yfir erfiðasta hjallann.

„Ef maður rekur fyrirtæki þar sem hægt er að einbeita sér að kjarnarekstrinum þá vegnar maður betur en ef maður starfar í þannig umhverfi að stöðugt þarf að glíma við erfiðan ytri ramma, svo sem kvöðina að sýna fram á að stjórn fyrirtækisins er með hreint sakavottorð“ segir Eiríkur sem í erindi sínu á föstudag fjallaði um allar þær hindranir og freistingar sem þau Aðalheiður stóðu frammi fyrir á fyrstu árum rekstrarins – og gera enn.

**EIRÍKUR HILMARSSON** í meðalári verða til átján til 27 þúsund störf og jafn mörg glatast, segir einn eigenda Kaffitárs og fyrrverandi aðstoðarhagstofustjóri. Hann segir mikilvægt að vernda störf í niðursveiflu.

MARKAÐURINN/RÓSA



**NÝ SKILTI** hafa verið sett upp við Hvannadalshnúk af Ferðafélagi Íslands með fulltíngi Menningarsjóðs Vísa Íslands. Á skiltunum eru leiðarlýsingar af leiðinni á Hvannadalshnúk á tveimur tungumálum, auk helstu upplýsinga um öryggisþætti, búnað og fleiri atriði sem ferðamenn varðar. [www.fi.is](http://www.fi.is)



# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 Hugi Garðarsson [hugi@365.is](mailto:hugi@365.is) 512 5447

**GLÓFAXI HF.**  
Armúla 42 - Sími 581 2900  
[glofaxi@simnet.is](mailto:glofaxi@simnet.is)

**Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir**  
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli  
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

**ÞAKSPRAUTUN ehf**

Þarf að vinna í þakinu í sumar en hefur ekki tíma?  
Því ekki að láta það í hendur fagmanns?  
Sérhæfi mig í sprautun á öllu bárujárnmi sem gefur einstaka áferð

**Uppl. í síma 8975787**



RIBbaldarnir kampakátir í Þormóðsskeri á hvítasunnudag.

MYND/ÚR EINKASAFNI

friendtex

**ÚTSALA**

Opíð mán. - fös. frá kl. 11:00 - 18:00  
Laugardaga frá kl. 11:00 - 16:00

Bonito ehf. Friendtex, Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - [www.friendtex.is](http://www.friendtex.is)

## Siglingar í útsker Íslands og einnig um sundin blá

Hópur úr félagsskapnum RIBbaldar brá sér nýlega í Þormóðssker út af Mýrum. Hann merkti vitann og skildi eftir lesefni um sögu hans en vitinn var reistur eftir að Pourquoi Pas? fórst þar í grennd 1936.

RIBbaldarnir hafa sett sér það markmið að sigla að útskerjum við Ísland sér til skemmtunar, meðal annars til að gæða vitana þar lífi. Ferðin í Þormóðssker var liður í því verkefni. Nafn sitt dregur félagsskapurinn af þeirri tegund báta sem siglt er á. Þeir heita á ensku RIB-bátar og eru harðbotna slöngubátar, taldir mjög öruggir í erfiðum sjó eins og oft er við strendur þessa lands.

Einn RIBbaldanna er Ingólfur Guðlaugsson. Hann hefur stofnað fyrirtækið Sea Safari og ætlar að bjóða áhugsömum upp á ferðir á slöngubátum þegar vel viðr- ar hér við suðvesturhorn landsins.

Hann hefur fest kaup á tveimur slíkum sem hvor um sig tekur tólf farþega. „Þormóðssker er rómað fyrir feegurð og því eftirsóknarverður staður að heimsækja,“ segir Ingólfur og lýsir útsýninu þar nánar.

„Skerjagarðurinn norður af skerinu og strandlengjan á Mýrum er með ljósum sandi og fallegum klettum. Þar er líka fjölbreytt fuglalíf sem öllum ber að umgangast með gætni og virðingu,“ segir hann og bætir við að algerlega óleyfilegt sé að taka þar nytjar.

Hann segir söguna um hið mannskæða slys út af Mýrunum

þegar Pourquoi Pas? fórst verka sterkt þegar komið sé að vitanum sem reistur var í kjölfarið til að varna slíkum áföllum. Ingólfur nefnir líka siglingar að Eldey. Þangað hyggst hann stefna á Jónsmessu. „Við erum svona 40 mínútur og förum bara í góðu veðri. Leggjum upp um klukkan tólf á miðnætti frá Grindavík og sjáum eyjuna baðaða morgunroða,“ segir hann og hlakkar til.

Aðstaða Sea Safari er á Ægisgarði. Þar er boðið upp á ýmiss konar afþreyingu fyrir ferðahópa á daginn og á kvöldin rómantískar kvöldsiglingar inn eftir sundunum bláu.

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

**VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ DALVEGI 16a**

Í tilefni af flutningunum veitum við 25% afslátt af vinnuliðum út júní.

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðupurrkublöð, ljósaperur ofl.

**SMURSTÖÐIN**

Shell **HELIX**

Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - [www.smurstodin.is](http://www.smurstodin.is)

# Á FERÐINNI

FLUGDAGUR verður haldinn

á Flúðum í Hrunamannahreppi 13. júní. Er þetta í þriðja sinn sem staðið er fyrir slíkri upptöku. <http://flugfrettir.123.is>



## Bílaleigubílar Sumarhús í Danmörku

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Frá dkr. 2500,- vikan

Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. (Afgjöld á flugvöllum). Ekkert aukagjald fyrir aukabílstjóra sé það gert við pöntun. Höfum allar stærðir bíla, allt að 9 manna.

**DanCenter**

Sumarhús  
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

**Danland**

Fjölskylduvæn orlofshverfi

Fjölbreyttar upplýsingar á [www.fylkir.is](http://www.fylkir.is)

**FYLKIR.IS**  
FERDASKRIFSTOFA  
— Bestir í Danmörku

Sími 456 3795 - 896 3745

Auglýsingasími  
512 5473

**ALLT**

**ALLT HEILSA**



Systurnar Þuríður og Guðný Gísladætur frá Hnappavöllum og aftan við þær, Guðrún Jónsdóttir frá Fagurhólsmýri og Sigríður Eiríksdóttir úr Reykjavík.

## Hæsti tindurinn heillar

Nú undirbúa konur í tugavís göngu á Hvannadalshnjúk 19. júní. Þeirra á meðal er Ingibjörg H. Elíasdóttir hjúkrunarfræðingur. Þar fetar hún í fótspor móður sinnar sem var í hópi fyrstu stúlkna þangað upp.

Ingibjörg er dóttir Þuríðar Gísladóttur frá Hnappavöllum sem var ein af sex stúlkum er gengu á Hnjúkinn í júlí 1937. Þær voru þátttakendur í hópferð Ungmennafélags Öreafa og fyrstar sinna kynsystra á þennan hæsta tind landsins svo vitað sé.

Ingibjörg er kná kona sem hefur stundað fjallgöngu í fimmtán ár. Nú hefur hún þjálfað sig markvisst fyrir Örefajökulsgönguna frá því í febrúar með Fjallkonum Íslands og oft lent í misjöfnu veðri, jafnvel byl. Hún segir afrek móður sinnar hafa verið henni hvatningu. „Bræður mínir grínast með að mamma hafi skroppið upp á jökul eftir mjaltir en ég þurfi hálf tón til að undirbúa mig. Það er alveg rétt en hún var líka hátt í fjörutíu árum yngri en ég er núna,“ segir Ingibjörg glölega og bætir við. „Ég ætlaði nú að vera búin að þessu fyrir fimmtugt en af því varð ekki.“

Fyrir nokkrum dögum hélt Ingibjörg kaffiboð fyrir þær fjórar konur sem eftir lifa úr þeim 21 manns hópi Ungmennafélags Öreafa sem fyrr er getið. Tvær þeirra sögðu blaðamanni frá ferðinni fyrir 72 árum. Sigríður Eiríksdóttir úr Reykjavík sem lagði upp á jökulinn frá Kvískerjum ásamt fimm systkinum þáðan og Guðrún Jónsdóttir frá Fagurhólsmýri sem hélt uppá 15 ára afmælið í ferðinni. „Nágranni minn, Páll Björnsson sagði að þetta væri langt og yrði dálítið erfitt. Það var rétt en ég sótti fast að fara,“ segir Guðrún. „Palli varaði okkur líka við að ganga of hratt í byrjun. „Þið endist ekki ef þið gangið svona hratt,“ sagði hann. Við lögum upp frá Fagurhólsmýri ásamt fleirum og hittum hóp frá Hnappavöllum við jökulræturnar.“

Heiðríkja var og logn allan daginn sem hópurinn var á jöklinum og Sigríður segir suma hafa sólbrennið illa. „Ég varð alveg ægilega brún og sá litur fór ekki af



„Klæðnaðurinn nú er nokkuð annar en þegar mamma fór á Hnjúkinn. Þá gengu til dæmis flestir í gúmmistígvélum,“ segir fjallkonan Ingibjörg sem á rósavettlinga með flísfóðri. Hún hefur líka orðið sér úti um alþáfu eins og Örefastúlkurnar voru með.



Blómarósirnar áðu neðan við Hnjúkinn í júlí 1937. Guðrún Jónsdóttir, Guðný Gísladóttir fyrir miðju, aftan við hana Þuríður Gísladóttir, Sigríður Eiríksdóttir, Guðrún Björnisdóttir og Þóra Stefánsdóttir.

í marga mánuði,“ rifjar hún upp. Þær muna vel eftir tignarlegu útsýninu ofan af tindinum sem

þær svimaði hálf gert yfir. Líka sigurtílfingunni að göngu lokinni.

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



Volkswagen Amarok verður frumkynntur í Suður-Ameríku árið 2010.

## Nýr pallbíll frá VW

**Volkswagen kynnr nýjan pallbíll sem hefur fengið nafnið Amarok. Hann er væntanlegur á markað á Íslandi um mitt næsta ár.**

Haustið 2009 verður Volkswagen Amarok fyrsti pallbíllinn sem frumkynntur er frá stórum evrópskum bílaframleiðanda í Suður-Ameríku. Með Amarok, sem þýðir úlfur á inúítamáli, stefnir Volkswagen að því að verða fullgildur þátttakandi í alþjóðlegum markaði fyrir pallbíl á þar sem japanskir framleiðendur hafa fram til þessa að mestu leyti verið einráðir.

Amarok verður framleiddur í Pacheco-verksmiðju Volkswagen nálægt Buenos Aires í Argentínu. Pallbílar eru mjög eftirsóttir í Brasilíu og Argentínu jafnt til frístundanoftunar og í atvinnuskyni.

Amarok er fyrsti pallbíll í þessum stærðarflokki sem framleiddur er af evrópskum bílaframleiðanda. Samkeppni frá öðrum pallbílum í 1-tonna flokki mun einkum koma

frá Asískum framleiðendum. Amarok er sjötta gerðin sem framleidd er af Volkswagen atvinnubílum en fyrir eru gerðirnar Caddy, Transporter og Crafter ásamt Saveiro og T2, en tveir síðastnefndu eru eingöngu til sölu í Suður-Ameríku.

Amarok verður kynntur sem fernna dyra „double-cab“ með fjórhjóladrifi. Síðar verður boðið upp á „single-cab“ útfærslu. Hann verður boðinn með sparneytum vélum og útlitshönnunin er í takt við nýjustu strauma hjá Volkswagen. Hann verður með hátæknilega, aflmikla en um leið sparneytna dísilvél með forþjöppu og nýjstu kynslóð samrásarinnspurtunar (TDI). Amarok verður með hagstæðari eldsneytisnýtingu og minni útlosun mengandi lofttegunda en áður hefur tíðkast í flokki pallbíla.

Ráðgert er að Amarok verði fyrst settur á markað í Suður- og Mið-Ameríku vorið 2010 og í framhaldi af því í Rússlandi og Evrópu sem og Afríku og Ástralíu. Hann er væntanlegur á markað á Íslandi um mitt næsta ár.

## Textílkonur fegra umhverfið

HRING EFTIR HRING ER HEITI SUMARSÝNINGAR HEIMILISÍÐNAÐARSAFNSINS Á BLÖNDUÓSI ÞETTA ÁRÍÐ.

Textíllistakonurnar Helga Pálína Brynjólfsson, Kristveig Halldórsdóttir og Rósa Helgadóttir leggja saman krafta sína á sumarsýningu Heimilisíðnaðarsafnsins og útkoman er fjölbreytt og falleg. Verkin hafa öll skirskotun til Halldóru Bjarnadóttur og safnsins og voru unnin sérstaklega fyrir sýninguna. Helga Pálína þrykkir rústir, þústir og fjöll í margvíslega efnisstranga. Hjá Kristveigu er gægst inn í 27 hringlaga göt þar sem þræðir læðast út úr þoku fortiðar og Rósa gerir forn útsaumsmyndur að skartgripum á glæsibúningum. Sunneva Hafsteinsdóttir opnaði sýninguna og sagði ekki annað hægt en fyllast lotningu og aðdáun á því fólki sem hefði svo ríka þörf fyrir að gera umhverfi sitt fallegt.

Elin Sigurðardóttir forstöðukona safnsins kynnti nýendurútfærna bók, Vefnaður á íslenskum heimilum á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar í samantekt Halldóru Bjarnadóttur. Alexandra Chernyshova söng og gestir þáðu kaffi og kleinur.

- gun



Elin forstöðumaður og starfsstúlkur sumarsins, Elin Ósk Magnúsdóttir og Margrét Arna Vilhjálmsson.

MYND/SIGURDUR JÓHANNESSON

**Jónsmessunótt á Fimmvörðuháls**

Skráning í Jónsmessunæturgöngu  
Útivistar í síma  
562 1000

UTIVIST

Upplifðu stemninguna

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942  
rafstilling@rafstilling.is

Eirberg

Stuðningshlífar  
fjölbreytt úrval

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

## Allt í húsbílinn...

...í settum fyrir handlagna



**Gasmiðstöðvar  
1900 - 2800W**



**Vatnshitarar  
13L gas / 220V**



**Sólarselluseti í úrvali.**

Rótor ehf býður upp á viðgerðarþjónustu á rafbúnaði húsbíla og vagna ásamt uppsetningu og tengingu á þeim búnaði sem við seljum á einu besta þjónustuverkstæði landsins.



**VERSLUN / VERKSTÆÐI**  
Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður  
Sími 555 4900

### Húsbílaþjónusta og fylgihlutir í ferðalagið



Viðgerðir | Kæliskápar | Reiðhjólgrindur | Ferðasalarni | Fortjöld

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á [www.rotor.is](http://www.rotor.is). lang - stærsti húsbílavefurinn

## Vorið er komið í Gróðrarstöðina Stord



### Við bjóðum þér upp á:

- mikið úrval trjáa og runna, fjölskra plantna og harðgerra sumarblóma
- plönturnar í matjurtagarðinn
- mold, áburð, ker og potta
- góða þjónustu og faglega ráðgjöf
- tilboð í minni og stærri plöntupakka

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litrikum blómagarði heima. Næg bílastæði



GRÓÐRARSTÖÐIN  
**STORÐ**

Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383 - [stord@stord.is](mailto:stord@stord.is)

### Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki





# landið mitt reykjanes

MIÐVIKUDAGUR 10. JÚNÍ 2009



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY



REYKJANES.IS



# Poppminjasafnið í geymslu næsta árið

Poppminjasafnið í Reykjanessbæ sem ætlunin var að opna á Ljósanótt verður ekki opnað fyrr en í fyrsta lagi að ári. „Málið er í biðstöðu. Hugmyndin var sú að safnið fengi inni í Hljómahöllinni sem er verið að byggja fyrir tónlistarskólann Stapann




Hljómsveitin Trúbrot spilar stóran þátt í poppsögu Íslands. MYND/BJÖRN G. BJÖRNSSON

og Poppminjasafnið en fresta þurfti framkvæmdum aðeins vegna efnahagsástandsins,“ segir Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanessbæjar sem vonar þó að framkvæmdum ljúki á næsta ári.

Poppminjasafnið á upphaf sitt að rekja til sýningarinnar Bítlabærinn Keflavík sem haldin var á veitingastaðnum Glóðinni 1997. Stofninn að safnkosti Poppminjasafnsins er þaðan kominn. Byggðasafn Reykjanessbæjar tók síðan að sér að geyma munina og hefur sett upp tvær sýningar í Duushúsum.

Munirnir eru nú í geymslu byggðasafnsins en fólk er þó frjálst að bæta við safnkostinn ef það á einhverja skemmtilega muni úr poppsögunni. „Við leitum eftir hlutum sem tengjast tónlistarfólkinu, hljóðfærum, sviðsfatnaði eða veggspjöldum,“ segir Sigrún og bætir við að safnið muni ekki einskorða sig við poppsögu Reykjanessins heldur landsins alls.

Hægt verður að kynna siglingum, ránum og eftirlífi víkinga og skips í Víkingaheimi í Reykjanessbæ.



Í húsinu, sem er um eitt þúsund fermetrar, er að finna alls kyns fróðleik.



Ýmsir skemmtilegir gripir eru til sýnis.

# Hægt að ganga um borð í Íslending

Í Reykjanessbæ er verið að opna um þessar mundir safn sem byggt hefur verið utan um hið viðfræga skip Íslending. Nærrí áratugur er síðan skipið sigldi til Ameríku.



Einar Bárðarson, verkefnisstjóri Víkingaheimis, hefur fulla trú á að Íslendingur muni slá í gegn.

„Ég var fljótur að reka augun í skipið þegar ég flutti á Suðurnesin fyrir nokkrum árum. Ég fór því fljótlega í það að leggja bæjarstjórnann í einelti með að fá að leggja verkefninu lið. Ég hugsa að ég hafi nú kannski orðið svo að einhverju gagni,“ segir Einar Bárðarson, verkefnisstjóri sýningarinnar Víkingaheimis, sem sett hefur verið upp í Reykjanessbæ. Skipið Íslendingur, sem Gunnar Marel Eggertsson smíðaði og sigldi til Ameríku árið 2000, er flaggskip sýningarinnar en einnig munu gestir kynna siglingum og rányrkju

víkinganna um allan heim sem og „eftirlífi“ víkinganna með skipum sínum.

„Siglingum víkinganna um Norður-Atlantshafið eru gerð góð skil og svo er hægt að ganga um borð í skipið og horfa út á Faxaflóa og þannig aðeins hægt að setja sig í spor víkinganna.“ Skoða má ofan í skipið af efri hæðinni og virða svo fyrir sér allt undirlagið

á neðri hæðinni en að auki er farið í gegnum ferðasögu garpanna til Norður-Ameríku, með viðkomu á Íslandi meðal annars, á efri hæðinni. Tveir litlir salir á neðri hæðinni eru svo lagðir undir ránin miklu og hvernig fer fyrir skipinu eftir dauða víkinganna.

Húsið, sem er mikið listaverk, um eitt þúsund fermetrar, teiknaði Guðmundur Jónsson arkitekt, og Elisabeth Waard hefur haft yfirumsjón með að setja sýninguna upp. „Efnahagsþrengingarnar þyngdu róðurinn í að koma safninu upp en við erum mjög þakklát fyrir hvað við erum komin langt og ég er sannfærður um að á næstum tveimur árum verði þetta að einum fjölsóttasta ferðamannastað landsins enda er þessi sýning ótrúlega skemmtileg,“ segir Einar. Sýningin er opin alla daga frá klukkan ellefu til sex á daginn.

-jma

VILTU HÆTTA? ÞARFTU AÐSTOÐ?

Dagskrá á mánudögum:

Kl. 10.00 - 16.00	Viðtöl hjá ráðgjafa
Kl. 16.30 - 17.30	Stuðningshópar
Kl. 18.00 - 18.45	Foreldrafræðsla
Kl. 19.00 - 20.00	Hópastarf

Tímappantanir: 421 6700

Erlingur Jónsson: 864-5452, 7725463

Getið kynnt ykkur starfsemi Lundar.

Lundur@mitt.is

www.lundur.net

Aðstoðar þig við skipulagningu og undirbúningu við að halda eftirminnilega veislu hvert sem tilefnið er.

Verið hjartanlega velkomin

SALTHÚSIÐ RESTAURANT STAMPHÓLSVEGI 2, 240 GRINDAVÍK

SÍMI 426 9700 / 699 2665

# Opnun Stekkjarkots eftir viku

Gamla þurrabúðin í Stekkjarkoti í Innri-Njarðvík opnar eftir vetrarlokun í næstu viku, miðvikudaginn 17. júní og verður ókeypissinn inn í allt sumar að sögn Sigrúnar Ástu Jónsdóttur, forstöðumanns Byggðasafns Reykjanessbæjar.

„Hægt er að koma við í Stekkjarkoti og skoða hvernig gamla þurrabúðin leit út,“ segir Sigrún Ásta. „Stekkjarkot er gamall torfbær sem var endurgerður í tilefni 50 ára afmælis Njarðvíkurkaupstaðar árið 1992. Undir endurgerðinni er hin eiginlega rúst,“ útskýrir Sigrún Ásta og bætir við að þurrabúðir hafi verið algengar á þessum slóðum fram á tuttugustu öld. „Þær komu og fóru eftir því hvernig áraði til sjávar og sveita.“ Sigrún Ásta segir að Stekkjarkot standi á góðu útvistarsvæði.



Stekkjarkot er endurgerð þurrabúð sem stendur á góðu útvistarsvæði.

MYND/SIGRÚN ÁSTA JÓNSDÓTTIR

„Fólk kemur hingað þótt safnið sé ekki opið því þetta er opið svæði. Stekkjarkot er á stað þar sem gott er að ganga um.“

Gamla þurrabúðin í Stekkjarkoti verður opin miðvikudaga til sunnudaga frá 13 til 17 í sumar.

-mmf



# MENNINGAR- OG LISTAMIÐSTÖÐ REYKJANESBÆJAR

DUUSHÚSIN ERU RÖÐ FJÖGURRA MERKILEGRA HÚSA VIÐ SMÁBÁTABRYGGJUNA Í KEFLAVÍK. HÚSIN GEYMA HUNDRAD ÁRA BYGGINGARSÖGU OG UM LEIÐ ATVINNUSÖGU REYKJANESBÆJAR. GÖMLU FISKHÚSIN Hafa Á UNDAFÖRNUM ÁRUM VERIÐ Í ENDURBYGGINGU SEM SÝNIGARSALIR SAFNANNA Í BÆNUM OG ERU NÚ FJÓRIR SALIR TILBÚNIR.



## SÝNINGAR

### Bátasafn

Bátafloti Gríms Karlssonar samanstendur af 100 líkönum af bátum og skipum úr flota landsmanna ásamt fjölda mynda og muna sem segja sögu sjávarútvegs á Íslandi.

### Listasafn

Sýning Olgu Bergmann "Í húsi sársaukans". Myndbandsverk, skúlpúrar og fundnir hlutir. Listamaðurinn skoðar hið óvænta í lífinu.

### Byggðasafn

Sýningin Völlurinn í Duushúsum fjallar um starfsemi bandarísku herstöðvarinnar og þau áhrif sem hún hafði sem vinnustaður og nágrenni á byggðarlögin í kring.

### Bíósalur

Verk gömlu meistaranna úr safneign listasafnsins.



Sýningin Orkuveríð Jörð þykir ævintýrleg og gestum hefur fundist frábært að hún sé inni í virkjun. MYND/ÚR EINKASAFNI



Á sýningunni er farið yfir reikistjörnurnar í sólkerfinu og þeim stillt upp í réttum stærðarhlutföllum. MYND/ÚR EINKASAFNI



Orkuveríð Jörð fjallar um orku og er sýningunni skipt í fjóra hluta. MYND/ÚR EINKASAFNI



Farið er yfir orkunotkun í heiminum á sýningunni Orkuveríð Jörð. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Sólkerfi á Reykjanesinu

Unnið er að því hörðum höndum að setja upp pláneturatleik um Reykjanesið í tengslum við sýninguna Orkuveríð Jörð.

„Stöplarnir fyrir pláneturnar eru komnir upp, en það á eftir að setja pláneturnar á þá,“ segir Róbert Kjartansson, sýningarstjóri Orkuversins Jarðar, í tengslum við svokallaðan pláneturatleik sem verið er að setja upp. Eftirlíkingu af plánetunum verður dreift um Reykjanes. Sólin er staðsett fyrir utan stöðvarhús Reykjanesvirkjunar og verða aðrar plánetur í hlutfallslega réttri fjarlægð frá sólinni. „Hægt verður að keyra á milli plánetanna en hugmyndin er sú að stilla reikistjörnunum upp svo að hægt verði að fylgja þeim inn í Reykjanesbæ. Ég geri ráð fyrir því að þær verði allar komnar upp í sumar.“

Ratleikurinn er settur upp í tengslum við sýninguna Orkuveríð Jörð sem er í stöðvarhúsi Reykjanesvirkjunar. „Sýningin fjallar um orku. Það má segja að henni sé skipt upp í fjóra hluta og er byrjað á kenningunni um Miklahvelli. Þá er farið yfir í reikistjörnurnar í sólkerfinu og þeim öllum stillt upp í réttum stærðarhlutföllum. Næsti hluti er saga mannsins og orkunnar saman, allt frá því að við virkjum eldinn og



Sýningin Orkuveríð Jörð er í stöðvarhúsi Reykjanesvirkjunar. MYND/ÚR EINKASAFNI

fram á okkar daga. Svo er það orkunotkunin í heiminum. Þar er farið yfir það hvaðan við fáum orkuna, hvort sem það er úr jarðefnaeldsneyti, fallvötnum eða jarðvarma. Síðasti hluti sýningarinnar er virkjunin sjálf og orkuframleiðslan,“ útskýrir Róbert.

Þegar Róbert er spurður hvers vegna ákveðið hafi verið að ráðast í þetta verkefni segir hann að í rauninni hafi tækifærið bankað upp á. „Það komu hingað tveir herra menn, þeir Simon Hill frá Bretlandi og Björn Björnsson frá List og sögu, með þá hugmynd að setja upp þessa sýningu

og þá var miðað við orkutengda ferðaþjónustu. Hugmyndin var að setja upp þessa sýningu við hliðina á orkuverinu sjálfu,“ segir Róbert og bætir við að hægt sé að sjá inn í orkuveríð frá sýningunni því einn veggur þess sé gerður úr gleri.

Róbert segir fólk á öllum aldri sækja sýninguna heim. „Það eru ferðamenn og mikið til Íslendingar sem koma hingað. Ferðamönnum hefur fundist ævintýrlegt að koma hingað og finnst frábært að halda sýninguna inni í virkjun.“

-mmf

## FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á NETINU

EINFALT, ÞÆGILEGT OG ALLTAF TIL TAKS



FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á VISIR.IS



### Í ÆTT VIÐ ELVIS

Herraklippingar í sumar taka mið af pompadour-hárstílnum þar sem rokkgoð og Rómakeisarar eru helstu fyrirmyndir.

BLS. 2



### HÖFUÐSTÖÐVAR Í NEW YORK

Breska Burberry-tískuveldið hefur opnað höfuðstöðvar sínar í New Yorkborg.

BLS. 3

## Ný sending af flottum skokkum

**belladonna**

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465  
www.belladonna.is

# tíska & fegurð

FRÉTTABLAÐIÐ MIÐVIKUDAGUR 10. JÚNÍ 2009



## TÍSKA GÖTUNNAR

Nokkrir Íslendingar teknir tali og myndaðir á förnum vegi í amstri dagsins. BLS. 2



### SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI

#### Fjölbreytt nám og glæsileg aðstaða

Tekið er við umsóknum í alla skólana núna.

Hægt er að skrá sig á [www.snyrtiakademian.is](http://www.snyrtiakademian.is) og í síma 553-7900



### Naglaskólinn

- Getur hafið nám hvenær sem er
- Kennt 1 x viku frá kl. 18-22
- Gæðavörur frá Professional Nails notaðar við kennslu
- Kennarar með kennararéttindi frá skóla Professional Nails í Belgíu
- Glæsilegur nemendapakki ásamt vandaðri naglaslípivél og naglalampa.
- Ýmsir möguleikar við fjármögnun námsins

## Gamalt í nýjan búning



**H**ildur Björk Yeoman, fatahönnuður, er orðin þekkt fyrir nótagarnstöskur sínar, í laginu eins og púðluhundur, en töskur hennar fást þó einnig með hefðbundnara sniði. Hildur Björk mun með haustinu setja á markað nýja töskulínu. „Í nýju línunni verða fleiri dýr en púðluhundurinn á boðstólum, til dæmis svanir og uglur,“ segir hún. Hildur segir að nýja línán verði einnig búin til úr nótagarni. „Ég hef ofsalega gaman af gömlu handverki. Þegar ég hanna er ég oft innblásin af gamalli tækni en reyni að færa hana í nýjan búning. Mér finnst gaman að nota nótagarnið. Það er efni sem fólk er vant að tengja sjávarútvegi, slori, slagviðri og hörku en ég færi það í nýtt samhengi púðluhundsins sem í mínum huga stendur fyrir eitthvað fágað og dramatískt,“ útskýrir Hildur og bætir við að nótagarnið sé upplagt efni því það sé þeim eiginleikum gætt að vera formfast og endingargott. Hægt er að nálgast töskur Hildar í versluninni Kronkron. -mmf



**Forsíðumynd:** Anton Brink tók mynd á Laugavegi  
**Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000  
**Ritstjórn:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is  
**Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439  
**Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is



„Ég versla mest í Smash, en fer svo í Sævar Karl ef ég er að kaupa eitthvað fint,“ segir Andri Már Engilbertsson, hér með tíkina Louise.



Jódís Káradóttir segist vera hrifin af kjólum enda séu þeir svo sumarlegir.



Guðrún Þorsteinsdóttir: „Mér finnst gott að vera í einhverju þægilegu.“

# Götutíska í Reykjavík

Sumarið er svo sannarlega gengið í garð ef marka má fataval þeirra sem urðu á vegi blaðamanns þegar hann grennsaðist fyrir um götutískuna í miðbæ Reykjavíkur.

Þó enn sé ekki orðið mjög hlýtt í veðri og margir jakkaklæddir var léttur, litríkur og mynstraður fatnaður engu síður áberandi og annar hver maður með sólgleraugu á Laugaveginum þegar blaðamaður skoðaði götutískuna á dögnum.

Konur á öllum aldri klæddust helst kvenlegum fatnaði; kjólar, pils, síðir bolir og leggings í öllum hugsanlegum litum voru meðal þess sem þær skörtnuðu. Margar með sjöl, stórar töskur og í stutt-



Aron Bergmann Magnússon segist versla mikið í Kolaportinu.

um stígvélum.

Þá benti flest til þess að karlpeningurinn klæðist áfram þröngum fatnaði, jafnvel þrængri en áður, og taka margar stúlkur því eflaust fagnandi. Margir klæddust skyrtum, annaðhvort víðum eða þröngum og voru köflóttar þeirra algengastar. Hagsýni virðist svo almennt ráða ríkjum í fatavali kynjanna, þar sem notuðum fötum er blandað saman við ný.

-hds

**FYRIR YKKUR STELPUR!**  
**UMA.is**

Okkar hönnun - íslensk framleiðsla síðan 1936

**Atson**



Atson - Brautarholti 4 - opið 11-18 mán-fimmtud. 11-16 föstud.  
 Sími 561-0060 - www.atson.is

## Fyrirmyndir í Róm til forna

**K**lippingarnar eiga rætur að rekja bæði til 19. aldar herralínu og rokkfísku 20. aldarinnar. Á vissan hátt minna þær líka á dömuclippingarnar sem voru vinsælar í fyrra. Þannig að við erum eiginlega komin í hring,“ útskýrir Ragnheiður Hreinsdóttir, kölluð Ragga, á Eplinu, hárstofu í Borgartúni, spurð út í strauma og stefnur í herraklippingum í sumar.

Að hennar sögn er grunnklippingin fólgin í síðum toppi og snöggum hliðum og hnakka, þar sem toppurinn er ýmist greiddur til hliðar, stíft upp, aftur eða látinn falla fram á við, allt eftir smekki hvers og eins.

„Áferð hársins leikur stórt hlutverk, þar sem nota má vax, gel eða önnur hármótunarefni og er svolítið í takt við hárstíl Rómakeisarans Júlíusar Cesar. Þegar hárið síkkar minnir klippingin á pompadour-hárstílinn sem þeir Marlon Brando, James Dean og Elvis Presley gerðu vinsælan á 6. áratugnum. Síðast var klippingin vinsæl á 8. áratugnum þegar Vivienne Westwood og Malcolm McLaren sköpuðu heilan iðnað undir merkjum hennar,“ segir hún.

-rve



Pompadour-hárstíllinn ræður ríkjum í sumar að sögn Ragnheiðar. Hér til hægri má sjá hvernig hægt er að greiða toppinn á ýmsa vegu.

MYND/ÖR EINKASAFNI



Anya Hindmarch með orðuna sem drottningin veitti henni.



Margnota innkaupataska eftir Anyu Hindmarch.

## Drottningin heiðrar töskuhönnuð

Elísabet Bretadrottning heiðraði á dögunum töskuhönnuðinn Anyu Hindmarch. Anya mætti í Buckingham-höll 2. júní 2009 þar sem drottningin nældi í hana orðu breska heimsveldisins (Order of the British Empire). Orðuna hlaut hún fyrir framlag sitt til breska tískuiðnaðarins.

„Þetta var mikill heiður og sérstök reynsla. Ég varð mjög stolt af því að vera bresk,“ sagði Hindmarch við þetta tækifæri.

Hindmarch stofnaði fyrirtæki sitt árið 1987 og rekur nú fjórar verslanir í Bretlandi og 24 verslanir um allan heim. Nánar er hægt að kynna sér hönnun Hindmarch á síðunni [www.anyahindmarch.com](http://www.anyahindmarch.com).



OPNUM Á NÝJUM STAÐ  
Erum flutt yfir götuna

**Sigga & Timo**

GULLSMÍÐI  
LINNETTSSTIGUR 2 · SÍMI 565 4854



Frá tískusýningu Burberry í janúar.



Bikíní með klassísku Burberry-munstri.

## Burberry kveikir ljósin í New York

Breska Burberry-tískuveldið opnaði nýlega með pomp og prakt nýjar höfuðstöðvar sínar í New York.


Tímamótin voru innsgluð með því að kveikja á risastórum upplýstum stöfum Burberry á toppi skýjakljúfurs.

Höfuðstöðvarnar, við 444 Madison Avenue, eru nákvæmlega eins og höfuðstöðvar fyrirtækisins í London en hvort tveggja húsnæðið var hannað af Christopher Bailey, listrænum stjórnanda Burberry.

Borgarstjóri New York, Michael Bloomberg, var ánægður með framtakið og lýsti daginn sem opinberan Burberry-dag.

Rúmlega 300 gestir mættu á opnunina og voru frægir og finir borgarar þeirra á meðal. Til dæmis Olsen-tvíburarnir, Kirsten Dunst og Helena Christensen.

Burberry gaf við þetta tækifæri 500 þúsund dollara til Robin Hood-stofnunarinnar sem styður við kennslu og vinnubjálfun ungra New York-búa sem minna mega sín.



Burberry á toppi skýjakljúfurs.

THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

**MAX FACTOR**

**NÝR FALSE LASH EFFECT MASKARI**  
...OG AUGNHÁRIN NJÓTA SÍN TIL HINS ÍTRASTA

Útsöluastaðir með nýja FALSE LASH EFFECT maskarann: Hagkaup - Smáralind, Hagkaup - Kringlan 1. hæð, Hagkaup - Holtagarðar, Lyf og heilsa - Kringlan, Lyf og heilsa - Austurveri, Lyf og heilsa - Fjarðarkaup, Lyfjaver - Suðurlandsbraut, Lyfjaval - Hæðarsmára, Ríma Apótek, Árbæjar Apótek, Snyrtivöruverslunin NANA - Hólagarði, Garðs Apótek. Landið: Lyf og heilsa - Vestmannaeyjum, KS - Sauðárkrúk, Lyfsalan - Hólamavík. - Apótek vesturlands - Hagkaup skeifunni

[www.medico.is](http://www.medico.is)

Gjafabréf Perlunnar  
Góð tækifærisgjöf!



# Nýr A la Carte

## PÖNNUSTEIKTUR SKÖTUSELUR

með ratatouille, gulrótar- og sellerífroðu

*PAN-FRIED MONKFISH with ratatouille, carrot and sellery foam*

Við mælum með Chablis, Pouilly Fumé, Cloudy Bay Chardonnay eða Brut kampavíni með þessum rétti.

### UPPSKRIFT



**Ratatouille canneloni:** Laukur, paprika, kjarnhreinsaðir tómatar, hvít-laukur, eggaldin og kúrbítur skorið í litla teninga og steikt úr ólífuoloíu. Saltað, piprað og kælt. Vafið inn í þunnt skorinn kúrbít. Hitað í ofni.

**Kartöflumús:** Kartöflur soðnar, svo teknar í gegnum *tamis*, svo er rjómi og smjör blandað saman við. Smakkað til með salti og pipar.

**Gulrótar- og sellerífroða:** Gulrætur og sellerí skorið í þunnar sneiðar svo steikt á pönnu létt. Svo er mjólk og rjóma bætt út í og soðið. Kjúklingasoði bætt út í, svo sett í *blender* og smakkað til. Matarlím lagt í bleyti, sett út í *blenderinn*. Sett svo í froðubrúsa og freytt upp.

*Stefán Elí Stefánsson, matreiðslumaður.*

**4ra rétta tilboðsseðill. Verð aðeins 6.890 kr.**  
**Með 4 glösum af sérvöldum vínum aðeins 10.490 kr.**



Sími 562 0200 - Fax 562 0207 - Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is

## A la Carte

### 4RA RÉTTA SEDILL

REYKT ÖND  
með fíkjum, valhnetum og rauðvinsgljáa

HUMARSÚPA  
rjómalöguð með Madeira  
og grilluðum humarhöllum

LAMBAHRYGGUR  
ofnbakaður með moðsteiktum  
rifnum lambaskanka og rósmarínsósu

*eða*  
FISKUR DAGSINS  
Það ferskasta hverju sinni útfært  
af matreiðslumönnum Perlunnar

SKYR "TONKA CRÉME BRULÉE"  
með karamelluís

### FORRÉTTIR

REYKTUR ÁLL OG SKELFISK RANDALÍNA  
með vínberja-kompot  
2.190 kr.

SNIGLAR OG GRÍSAKINNAR  
með smjördeigi og Búrgundarsósu  
2.190 kr.

HVALACARPACCIO  
með wasabi flani sætri soya, parmesan og salati  
1.890 kr.

SALAT  
með mozzarella, tómatflani og tómat krapís  
1.990 kr.

HUMARSÚPA  
rjómalöguð, með Madeira  
og grilluðum humarhöllum  
2.190 kr.

STEIKT ANDALIFUR „FOIE GRAS“  
með balsamic gljáa, brioche brauði  
og mangó-kompot  
3.190 kr.

REYKT ÖND  
með fíkjum, valhnetum og rauðvinsgljáa  
2.190 kr.

### FISKRÉTTIR

PÖNNUSTEIKTUR SKÖTUSELUR  
með ratatouille, gulrótar- og sellerífroðu  
3.990 kr.

HÆGELDUÐ BLEIKJA  
með fylltum myrkilsveppum og kremuðum blaðlauk  
3.990 kr.

HUMARRÉTTUR PERLUNNAR  
beikon vafðar humar medalíur með fylltu tortellini  
5.690 kr.  
Sem forréttur 3.200 kr.

FISKUR DAGSINS  
Það ferskasta hverju sinni útfært  
af matreiðslumönnum Perlunnar  
3.990 kr.

OFNBAKAÐUR SALT FISKUR  
með möndlukartöflu og ólífum í tómatseyði  
3.990 kr.

### KJÖTRÉTTIR

HREINDÝRAVÖÐVI  
með graskersmaki, sætum kartöflum  
og myrkilsveppasósu  
5.390 kr.

NAUTALUND  
grilluð með Bérnaise hjúp, soðkartöflu  
og Búrgundarsósu  
4.990 kr.

LAMBAHRYGGUR  
ofnbakaður með moðsteiktum rifnum  
lambaskanka og rósmarínsósu  
4.790 kr.

KÁLFUR  
með möndlukartöflum, ristuðu grænmeti  
og hunangskryddsósu  
4.390 kr.

ÖND Á ÞRJÁ VEGU  
Bringa, andarlifur og moðsteikt önd  
með appelsínusósu  
4.690 kr.



Saltfisksetrið í Grindavík.

## Lífið er saltfiskur

Saltfisksetrið í Grindavík stendur fyrir margvíslegri menningarstarfsemi. Mikið er um að vera í setrinu í sumar, allt frá listsýningum til gönguferða.

17. júní-hátíðarhöld Grindavíkurbæjar fara að mestu fram við Saltfisksetrið, setrið stendur fyrir Jónsmessugöngu á Þorbjörn 21. júní. Hinn 27. júní opnar Sólveig Dagmar Þórisdóttir sýningu í listsýningasal setursins og Nína Gautadóttir opnar sýningu 18. júlí.

Um verslunarmannahelgina, 31. júlí til 3. ágúst verður haldin gönguhátíðin AF STAÐ á Reykjanesið. Boðið verður upp á fjórar 3 til 6 tíma gönguferðir með leiðsögn frá föstudegi til mánudags ásamt viðburðum í Saltfisksetrinu og Flagghúsinu. AF STAÐ á Reykjanesið verður einnig á döfnum 9., 16., 23. og 30. ágúst. Boðið verður upp á fjórar þjóðleiðagöngur með leiðsögn á vestanverðum Reykjaneskaganum. Nánar á [www.saltfisksetur.is](http://www.saltfisksetur.is).

-sg

## Litlir listamenn

Reykjanesbær hefur undanfarið ár boðið upp á listaskóla fyrir sjö til tólf ára börn þar sem þau læra mynd- og leiklist. Sólveig Guðmundsdóttir leikkona hefur haft umsjón með leiklistarhlutanum síðastliðin fimm ár og segir gaman að fylgjast með börnunum taka framförum.

„Ég legg mikla áherslu á spuna og yfirleitt semja börnin eigið leikrit. Vinnan byggist að miklu leyti á þeirra hugmyndum og litast oft af því sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni,“ segir Sólveig.

Leiklistarkennslan fer fram í Frumleikhúsinu en aðstöðunni deila börnin með leiklistarhóp unglíngavinnunnar sem Sólveig segir gefast vel. Myndlistarkennslan er í Svarta pakkhúsinu en börnunum er skipt upp í hópa sem síðan skiptast á að fara í leik- og myndlist. „Oft höfum við haft það þannig að börnin vinna leikmynd, leikmuni og búninga í myndlistinni til að nota í leiksýningunni sem við setjum upp að hverju námskeiði loknu.“



Sólveig Guðmundsdóttir segir gaman að fylgjast með börnunum taka framförum á námskeiðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Námskeiðin í sumar verða tvö. Hið fyrra hefst miðvikudaginn 10. júní en hið síðara 1. júlí. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Menningar sviði Reykjanesbæjar.

-ve

## Fjölsóttur fjölskyldustaður

„Þeim fjölgar stöðugt sem heim-sækja Reykjanesbæ um helgar. Sérstaklega er orðið vinsælt meðal borgarbúa að fara í fjölskyldurúnt um bæinn, einkum gamla hlutann,“ bendir Dagný Gísladóttir, kynningarstjóri Reykjanesbæjar, á og nefnir í því sambandi viðkomustaðina Vatnaveröld og fjall Skessunnar.

